með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/373/EBE frá 20. júlí 1970 um að taka upp í bandalaginu aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 <sup>(2)</sup>, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í sjöundu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/372/ EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/95/EBE <sup>(4)</sup>, eru fyriræli um þær aðferðir sem skal nota við greiningu á aflatoxín B<sub>1</sub>.

Nauðsynlegt er að endurskoða aftur þá aðferð sem nú er notuð og skilgreina nánar aðferðina sem er notuð til að undirbúa sýni og setja reglur um framsetningu niðurstaðna.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

Viðaukanum við tilskipun 76/372/EBE er breytt samkvæmt viðauka við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en ári frá gildistöku hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 94, 13. 4. 1994, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 170, 3. 8. 1970, bls. 2.

(2) Stjtið. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8.

(3) Stjtið. EB nr. L 102, 15. 4. 1976, bls. 8.

(4) Stjtið. EB nr. L 327, 13. 11. 1992, bls. 54.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**nr. 4/95**  
**frá 27. janúar 1995**  
**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

95/EES/7/04

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/94 frá 28. september 1994 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/16/EB frá 22. apríl 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 74/63/EBE um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu<sup>(2)</sup> skal tekin upp í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun ráðsins 74/63/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ - **394 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/14/EB frá 22. apríl 1994 (Stjtið. EB nr. L 104, 23. 4. 1994, bls. 32).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/16/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*G.J.L. Avery*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 292, 12. 11. 1994, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 45, 12. 11. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 104, 23. 4. 1994, bls. 32.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/16/EB**  
**frá 22. apríl 1994**  
**um breytingu á tilskipun ráðsins 74/63/EBE um óæskileg efni og**  
**óæskilegar afurðir í dýrafæðu(\*)**

(Texti sem varðar EES)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**  
**HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt tilskipun 74/63/EBE skal endurskoða viðaukana við hana reglulega með hliðsjón af framförum í vísindum og tækni.

Nauðsynlegt er að breyta arseninnihaldi í heilfóðri fyrir fisk vegna þess að fiskifóður er mestmegnis fiskimjöl sem inniheldur arsen frá náttúrunnar hendi; þetta magn er ekki hættulegt heilbrigði dýra, manna né umhverfi.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

I. viðauka við tilskipun 74/63/EBE er hér með breytt samkvæmt viðauka við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. mars 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. apríl 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfð. EB nr. L 104, 23. 4. 1994, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtfð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31.

(2) Stjtfð. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23.

## VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka, lið nr. 1 „Arsen“, komi eftirfarandi í stað „Heilfóður“ í dálkinum „Fóður“ og tölunnar „2“ í dálkinum „Hámarks magn“:

Efni, afurðir	Fóður	Hámarks magn fóðurs í mg/kg (ppm), reiknað með 12% rakainnihaldi
1	2	3
	„Heilfóðurblöndur, að undanskildum heilfóðurblöndum fyrir fisk	2 4“

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 5/95****95/EES/7/05****frá 27. janúar 1995  
um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/44/EB frá 19. september 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 82/130/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 82/130/EBE) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **394 L 0044:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/44/EB frá 19. september 1994 (Stjtíð. EB nr. L 248, 23. 9. 1994, bls. 22).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/44/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

G.J.L. Avery

(1) Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 147.

(2) Stjtíð. EB nr. L 248, 23. 9. 1994, bls. 22.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/44/EB**  
**frá 19. september 1994**  
**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 82/130/EBE um**  
**samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum**  
**í námum þar sem eldfimt gas getur myndast(\*)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**  
**HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/130/EBE frá 15. febrúar 1982 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilliti til tækniframfara sem hafa orðið er nauðsynlegt að aðlaga inntak samhæfðu staðlana sem um getur í viðauka A við tilskipun 82/130/EBE.

Með tilliti til eðlis framangreinds búnaðar þarf að kveða á um aðlögunartíma svo að iðnaðurinn geti lagað sig að breytingum á stöðlunum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit undirnefndar Öryggis- og heilbrigðisnefndarinnar fyrir námuvinnslu og annan námuviðnað sem sér um að laga tilskipun 82/130/EBE að tækniframförum.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

Í stað viðauka A við tilskipun 82/130/EBE komi viðauki A við þessa tilskipun.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1995 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

2. Fram að 30. júní 2003 skulu aðildarríkin þó halda áfram að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 82/130/EBE að því er varðar búnað þar sem samræmi við samhæfða staðla er vottað með samræmisvottorðinu sem um getur í 8. gr. tilskipunar 82/130/EBE, að því tilskildu að þetta vottorð sé gefið út fyrir 1. janúar 1997.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. september 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Padraig FLYNN*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 248, 23. 9. 1994, bls. 22, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 59, 2. 3. 1982, bls. 10.

(2) Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 1.

# VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

## SAMHÆFÐIR STAÐLAR

Samhæfðu staðlarnir sem búnaður verður að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópustaðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Vottorð sem eru gefin út á grundvelli staðlanna sem eru taldir upp hér á eftir skulu merkt „D-vottorð“. Bókstafurinn D skal standa fyrir framan raðnúmer hvers vottorðs um sig.

## EVROPUSTAÐLAR

(samdir af Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), 35 Rue de Stassart, B-1050 Bruxelles)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almenn ákvæði 1. breyting 2. breyting 3. og 4. breyting 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Júní 1982 Desember 1982 Febrúar 1986
EN 50015	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“ 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50016	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirprýstingsumlykja „p“ 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50017	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“ 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50018	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“ 1. breyting 2. breyting 3. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1982 Nóvember 1985
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“ 1. breyting 2. breyting 3. breyting 4. breyting 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 September 1983 Desember 1985 Október 1989 Ágúst 1990



Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“  1. breyting 2. breyting 3. breyting 4. breyting 5. breyting	1	Mars 1977  Júlí 1979 Desember 1985 Maí 1990 Maí 1990 Maí 1990
EN 50028	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: innsteypt útfærsla „m“	1	Febrúar 1987
EN 50033	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: hjálmlugtir	2	Mars 1991“

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 6/95****95/EES/7/06****frá 27. janúar 1995****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/34/EB frá 30. júní 1994 um breytingu á tilskipun 89/107/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í 46. lið (tilskipun ráðsins 89/107/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„,eins og henni var breytt með:

- **394 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/34/EB frá 30. júní 1994 (Stjtíð. EB nr. L 237, 10. 9. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/34/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

G.J.L. Avery

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 147.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. L 237, 10. 9. 1994, bls. 1.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/34/EB**  
**frá 30. júní 1994**  
**um breytingu á tilskipun 89/107/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna**  
**varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum(\*)**

**EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS**  
**HAFNA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferð 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglur um samræmingu á sviði aukefna skulu ekki hafa áhrif á beitingu innlendra ákvæða, sem voru í gildi 1. janúar 1992, sem banna notkun vissra aukefna í tilteknum matvælum er teljast til hefðbundinna matvæla og eru framleidd á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, að því tilskildu að þessi ákvæði taki ekki til allrar raðframléðslu matvæla, þar með talin matvæli sem falla ekki undir þessa tilskipun og ákvæði bandalagsins heimila notkun aukefna fyrir.

Þessar framleiðsluvörur er unnt að auðkenna með réttum merkingum.

Ekki má hindra frjálsa dreifingu matvæla, sem eru í samræmi við tilskipanir um aukefni.

Reglurnar skulu ekki koma í veg fyrir staðfesturétt eða framleiðslu og sölu á matvælum, sem uppfylla skilyrði tilskipana um aukefni, á yfirráðasvæði aðildarríkis,

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

Eftirfarandi 3. gr. a bætist við tilskipun 89/107/EBE <sup>(4)</sup>:

**„3. gr. a**

1. Þrátt fyrir a- og b-lið 2. mgr. 3. gr. skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 100. gr. a í sáttmálanum, veita aðildarríkjunum heimild til að viðhalda banni á notkun vissra aukefna við framleiðslu tiltekinna matvæla er teljast til hefðbundinna matvæla, að því tilskildu að:

- bannið hafi verið í gildi 1. janúar 1992,
- viðkomandi aðildarríki heimili á yfirráðasvæði sínu framleiðslu og sölu allra matvæla sem teljast ekki til hefðbundinna matvæla og sem samræmast reglum 3. gr.

2. Með fyrirvara um reglugerðir (EBE) nr. 2081/92 <sup>(5)</sup> og (EBE) nr. 2082/92 <sup>(6)</sup> skulu aðildarríkin, fyrir 1. júlí 1994, senda framkvæmdastjórninni skrá yfir matvæli sem þau telja vera hefðbundin matvæli, með nákvæmum rökstuðningi þar um, ásamt viðkomandi lagaákvæðum er banna notkun vissra aukefna í slíkum matvælum.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. apríl 1995, afhenda ráðinu tillögu um viðmiðanir sem ber að beita til að ákveða hvort framleiðsluvara er hefðbundin vara eða ekki og um innlend bönn sem heimilt er að viðhalda í samræmi við þessar viðmiðanir.

Ráðið skal afgreiða tillöguna fyrir 1. apríl 1996.

3. Þar til ráðið hefur tekið ákvörðun um 2. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda banni, sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um, samkvæmt fyrstu undirgrein 2. mgr., að því tilskildu að farið sé að almennum skilyrðum 1. mgr.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 237, 10. 9. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB nr. C 206, 13. 8. 1992, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttö. EB nr. C 73, 15. 3. 1993, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 26. maí 1993 (Stjttö. EB nr. C 176, 28. 6. 1993, bls. 117), staðfest 2. desember 1993 (OJ nr. C 342, 20. 12. 1993), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. mars 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (OJ nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 75).

<sup>(4)</sup> Stjttö. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

<sup>(5)</sup> Stjttö. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2081/92 frá 14. júlí 1992 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatákna fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjttö. EB nr. L 208, 24. 7. 1992, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjttö. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2082/92 frá 14. júlí 1992 um séreinkennavottorð fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjttö. EB nr. L 208, 24. 7. 1992, bls. 9).“

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.

Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**E. KLEPSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**A. BALTAS**

forseti.

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**nr. 7/95**  
**frá 27. janúar 1995**  
**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

95/EES/7/07

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/27/EB frá 30. júní 1994 um 12. breytingu (\*) á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáráðslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 L 0027:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/27/EB frá 30. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. L 188, 22. 7. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/27/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*G.J.L. Avery*

(\*) Tillaga framkvæmdastjórnarinnar var lögð fram við 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE (Stjttíð. EB nr. C 116, 27. 4. 1993, bls. 18.)

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 147.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 188, 22. 7. 1994, bls. 1.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/27/EB**

frá 30. júní 1994

**um 12. breytingu(\*) á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna(\*\*)****EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalaganna, einkum 100. gr.,(\*) með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 8. gr. a í sáttmálanum er mælt fyrir um svæði án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, frjálssir fólksflutningar, frjálss þjónustustarfsemi og frjálssir fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Vinnan sem lögð er í framkvæmd hins innri markaðar ætti smám saman að skila sér í bættum lífsskilyrðum, aukinni heilsuvernd og eflndri neytendavernd. Ráðstafanirnar sem lagðar eru til í þessari tilskipun eru í samræmi við ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um framtíðarforgangsverkefni sem miða að því að endurskoða stefnu í neytendaverndarmálum.

Nikkel sem er að finna í tilteknum hlutum sem komast í beina og langvarandi snertingu við húð getur orsakað nikkelnæmingu í mönnum og kann að valda ofnæmisáhrifum. Af þessum sökum ætti að takmarka notkun nikkels í slíkum hlutum.

Eitt aðildarríkjanna hefur þegar kynnt röð eftirlitsráðstafana á yfirráðasvæði sínu til að stemma stigu við nikkelnæmingu og nikkelfofnæmi og annað aðildarríki hyggst kynna á yfirráðasvæði sínu annars konar eftirlitsráðstafanir. Þetta getur leitt til viðskiptahindrana.

(\*) Tillaga framkvæmdastjórnarinnar var lögð fram við 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE (Stjtfö. EB nr. C 116, 27. 4. 1993, bls. 18.)

(\*\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfö. EB nr. L 188, 22. 7. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtfö. EB nr. C 116, 27. 4. 1993, bls. 18.

(2) Stjtfö. EB nr. C 304, 10. 11. 1993, bls. 15.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 2. desember 1993 (Stjtfö. nr. C 342, 20. 12. 1993, bls. 15.), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. mars 1994 (Stjtfö. EB nr. C 137, 19. 5. 1994, bls. 60) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. maí 1994 (hefur enn ekki verið birt).

Áður en tilskipunin kemur til framkvæmda er nauðsynlegt að skilgreina og birta prófunaraðferðirnar sem verða notaðar til að færa sönnur á að farið sé að þessari tilskipun. Prófunaraðferðirnar ættu að vera háðar evrópskum staðli.

Þær hindranir sem þegar hafa verið samþykktar eða fyrirhugaðar eru af hálfu tiltekinna aðildarríkja um notkun nikkels hafa bein áhrif á framkvæmd og starfsemi innri markaðarins. Því er nauðsynlegt að sameina lög aðildarríkja á þessu sviði og þar með að breyta I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE (4).

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Í stað I. viðauka tilskipunar 76/769/EBE komi viðaukinn við þessa tilskipun.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnarsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en sex mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins staðlana sem samþykktir eru af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) um allar prófunaraðferðirnar sem notaðar eru til að færa sönnur á að vörurnar samræmist kröfum þessarar tilskipunar, eða sex mánuðum eftir að þessi tilskipun er samþykkt ef sá dagur kemur síðar fyrr en sá fyrrnefndi, þannig að:

- sex mánuðum eftir að öðru þessara tímabila lýkur, hvort sem við á, má enginn framleiðandi né innflytjandi markaðssetja vörur sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar,
- 18 mánuðum eftir að öðru þessara tímabila lýkur, hvort sem við á, má ekki selja eða gera þær vörur aðgengilegar fyrir neytendur ef þær uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar nema því aðeins að þær hafi verið markaðssettar áður en því tímabili sem við á lýkur.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

(4) Stjtfö. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/339/EBE (Stjtfö. EB nr. L 186, 12. 7. 1991, bls. 64).

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

E. KLEPSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. BALTAS

forseti.

## VIÐAUKI

„28. Nikkel

CAS-númer 7440-0-20  
EINECS nr. 2311114  
og efnablöndur þess

Má ekki nota:

1. í pinna sem stungið er í götuð eyru og aðra gataða líkamshluta meðan sárið af völdum götunarinnar er að gróa, hvort sem pinninn er fjarlægður strax eða ekki, nema þeir séu sótthreinsaðir og nikkелstyrkurinn - tilgreindur sem hundraðshluti nikkелmassa á móti heildarmassanum - sé minni en 0,05%;

2. í vörur sem komast í beina eða langvarandi snertingu við húð, eins og til dæmis:

- eyrnalokka,
- hálsmen, armbönd og -keðjur, öklakeðjur, hringa,
- hulstur um armbandsúr, úrólar og úrspennur,
- hnoðhnappa, smellur, hnoð, rennilása og málmmerki ef slíkt er notað á flíkur,

ef hraði nikkellosunarinnar frá þeim hlutum þessara vara sem komast í beint og langvarandi samband við húð er meiri en 0,5 mg/cm<sup>2</sup>/á viku;

3. í vörur eins og þær sem taldar eru upp í 2. lið ef þær eru með nikkellausri húð nema slík húð nægi til að tryggja að hraði nikkellosunar frá hlutum slíkra vara sem komast í beina og langvarandi snertingu við húð fari ekki yfir 0,5 mg/cm<sup>2</sup>/á viku í að minnsta kosti tvö ár við venjulega notkun vörunnar.

Enn fremur má ekki markaðssetja vörur sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. lið nema þær uppfylli kröfur sem mælt er fyrir um í þessum liðum“.



**95/EES/7/08**

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**nr. 8/95**  
**frá 27. janúar 1995**  
**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/563/EB frá 27. júlí 1994 um magn tímatakmarkaðra efna til bráðnaðsynlegra nota í bandalaginu samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91 um efni sem eyða ósonlaginu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **394 D 0563:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/563/EB frá 27. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 215, 20. 8. 1994, bls. 21).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/563/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**G.J.L. Avery**

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 147.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 215, 20. 8. 1994, bls. 21.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**  
**frá 27. júlí 1994**  
**um magn tímatakmarkaðra efna til bráðnaðsynlegra nota í**  
**bandalaginu samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91**  
**um efni sem eyða ósonlaginu(\*)**

(94/563/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**  
**HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 130. gr. a,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91 frá 4. mars 1991 um efni sem eyða ósonlaginu (1), eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3952/92 (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Vegna áhyggna af ósonlaginu hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að banna notkun tiltekinnna tímatakmarkaðra efna fyrir en gert er ráð fyrir í Montrealbókuninni sem tekur gildi 1. janúar 1995.

Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 594/91, með síðari breytingum, skal framkvæmdastjórnin ákvarða hvaða bráðnaðsynleg not skulu heimiluð í bandalaginu eftir 31. desember 1994 og magn tímatakmarkaðra efna sem leyfilegt er að framleiða, markaðssetja eða framleiðendurnir sjálfir mega nota í eigin þágu í þessu skyni.

Ákveða skal hvað telst til bráðnaðsynlegra nota á klórflúóorkolefnum í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., halóni í samræmi við 3. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. og koltetraklóríði í samræmi við 4. mgr. 10. gr. og 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 594/91.

Eftirfarandi viðmiðanir sem eru notaðar til að meta bráðnaðsynleg not eru í samræmi við ákvörðun IV/25 af fjórða fundi aðila að Montrealbókuninni:

- a) notkun tímatakmarkaðs efnis skal því aðeins álitin „bráðnaðsynleg“:
- i) að það teljist brýnt með tilliti til heilbrigðis, öryggis eða hafi sérstaka þýðingu fyrir samfélagsheildina (að meðtöldum menningar- og vitsmunalegum þáttum); og
  - ii) að ekki séu fyrir hendi aðrir tæknilega eða efnahagslega hagkvæmir kostir eða ásættanlegar varaleiðir með tilliti til umhverfis og heilsu;

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 215, 20. 8. 1994, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 67, 14. 3. 1991, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 405, 31. 12. 1992, bls. 41.

b) aðeins ætti að heimila framleiðslu og hugsanlega neyslu tímatakmarkaðs efnis til bráðnaðsynlegra nota ef:

- i) leitað hefur verið allra efnahagslega hagkvæmra leiða til að draga úr bránaðsynlegri notkun og tengdri losun tímatakmarkaða efnisins; og
- ii) ekki er hægt að útvega tímatakmarkaða efnið í nógu miklu magni eða nógu góðu ástandi af fyrirbyggjandi birgðum af varðveittum eða endurunnum tímatakörkuðum efnum, að teknu tilliti til þarfar þróunarlanda fyrir tímatakörkuð efni.

Eftir að hafa fengið í hendur tiltekinn fjölda umsókna frá aðildarríkjum fjallaði framkvæmdastjórnin, með aðstoð stjórnsýslunefndarinnar sem skipuð er í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 594/91, eingöngu um þær umsóknir sem töldust uppfylla skilyrðin um bráðnaðsynleg not í samræmi við framangreinda Montrealbókun IV/25.

Þau bráðnaðsynlegu not sem skilgreind eru skiptast í fjóra flokka, þ.e.: til nota í lækningaskyni, til nota sem leysiefni, til nota á rannsóknarstofum og til annarra nota. Miðað við magn eru bráðnaðsynlegustu notin læknisfræðileg notkun munnúðaskammtara gegn astma og öðrum langvinnnum öndunarferasjúkdómum sem umræðuhópur Umhverfismála-áætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) um mat á tæknilegum og efnahagslegum þáttum (TEAP) lagði áherslu á í tilmælum sínum frá því í mars 1994 til aðila Montrealbókunarinnar.

Þessi ákvörðun var tekin í samræmi við nefndarmálsmeðferð þá sem fram kemur í 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 594/91 með síðari breytingum.

Skrá yfir bráðnaðsynleg not og magn tímatakmarkaðra efna er að finna í viðaukanum til upplýsingar fyrir framleiðendur og notendur í iðnaði.

Magn hvers tímatakmarkaðs efnis sem hver framleiðandi má framleiða skal síðar tilgreint í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

1. Samþykkt bráðnauðsynleg not og heildarmagn klór-flúorkolefna og koltetraklóríðs sem framleiðendur mega markaðssetja eða nota til eigin þarfa árið 1995 er tilgreint í viðaukanum.

2. Þessi ákvörðun gildir sem hér segir:

Tímabil takmörkunar: 1. janúar til 31. desember 1995.

**2. gr.**

Þessari ákvörðun er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Yannis PALEOKRASSAS**

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

### SKRÁ YFIR BRÁÐNAUÐSYNLEG NOT Í EVRÓPUBANDALAGINU ÁRÍÐ 1995 OG HEILDARMAGN FYRIR EVRÓPUBANDALAGIÐ

#### A. Til nota í lækningaskyni

##### CFC

- i) Framleiðsla munnúðaskammtara gegn astma og öðrum langvinnum lungnasjúkdómum. CFC 11, 12, 113, 114 Magn: 9 160 tonn
- ii) Hreinsun gervilíffæra. CFC 113 Magn: 199 tonn
- iii) Til nota sem leysiefni til að undirbúa kísillausn sem lækningatækjum er dýft í til húðunar. CFC 113 Magn: 43 tonn
- iv) Notað sem þynningarefni fyrir etýlenoxíð til sóthreinsunar á klóramfeníkólufni sem notað er í augnsmyrslu. CFC 12 Magn: 0,4 tonn

#### B. Til nota sem leysiefni

##### B.1. CFC

- i) Virk hvarfefni sem notuð eru til að framkalla fingraför á pappír. CFC 113 Magn: 10 tonn
- ii) Notkun hvarftregs leysiefnis til framleiðslu á víxluðum osmósuhimnum til matvæla- og lyfjagerðar. CFC 113 Magn: 10 tonn

##### B.2. Koltetraklóríð ( $CCl_4$ )

- i) Framleiðsla á klóruðu gúmmí, klóruðu parafíni og sem milliframleiðsluefni fyrir plöntuvarnarefni. Magn: 100 tonn
- ii) Framleiðsla á klóruðu gúmmí. Magn: 20 tonn
- iii) Framleiðsla á ljósleiðurum. Magn: 10 tonn
- iv) Til nota sem leysiefni fyrir  $NCl_3$  við framleiðslu klórs. Magn: 520 tonn
- v) Hreinsun og frásogseiming klórs. Magn: 50 tonn
- vi) Framleiðsla tereftalóydiklórs. Magn: 72 tonn

### C. Til nota á rannsóknarstofum

Eftirfarandi telst til rannsóknarstofunota: kvörðun búnaðar; notkun sem útdráttarleysiefni, notkun sem þynningarefni eða burðarefni til efnagreiningar, notkun við lífefnarannsóknir; notkun sem hvarftregt leysiefni til efnafræðilegra rannsókna, notkun sem burðarefni fyrir kemísk rannsóknarstofuefni sem og til annarra mikilvægra greininga- og rannsóknarstofunota.

Sem sérstök dæmi um slíkt má nefna:

#### C.1. CFC

- i) Notað CFC 113 við útdrátt lífrænna efna.
- ii) Gæðaprófun á þurrsíum í kælikerfi (ASHRAE SPC 63.2P, DIN 8948 og 8949). CFC 113.
- iii) Rannsóknir og þróun á óhefðbundnum drifefnum fyrir harða pólýúretankvoðu. CFC 11.
- iv) Notað CFC 113 til að greina olfúinnihald vatns. Parísarsamþykktin DS/R 209).

#### C.2. Koltetraklóríð ( $\text{CCl}_4$ )

- i) Notað við vatnsgreiningu (tilskipun 79/869/EBE, Parísarsamþykktin DS/R 209).
- ii) Notað við prófun á gassíum (tilskipun 89/686/EBE, DS/EN 141).
- iii) Notað við halógenhvörfun á rannsóknarstofum.
- iv) Notað sem staðlar við prófun á vörum úr efnaiðnaði og eftirlit með lífrænni mengun í vatni, lofti o.s.frv.
- v) Notað sem útdráttarmiðill og leysiefni við greiningar í ýmsum tilgangi.
- vi) Almenn notkun á rannsóknar- og tilraunastofum: rannsóknir á varmaflfræðilegum eiginleikum ósóneyðandi efna, kemísk hreyfiafls- og eiturefnafræði.

*Heildarmagn innan Evrópubandalagsins:*

- CFC: 240 tonn
- Koltetraklóríð: 240 tonn

### D. Ýmis not

- i) Notkun CFC 11: sem varmaflutningsvökva til úranauðgunar. CFC 11 Magn: 30 tonn

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 9/95****95/EES/7/09****frá 27. janúar 1995  
um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/37/EB frá 22. júlí 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 94/43/EB frá 27. júlí 1994 um samningu VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 L 0037:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/37/EB frá 22. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 65),

„- **394 L 0043:** Tilskipun ráðsins 94/43/EB frá 27. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 227, 1. 9. 1994, bls. 31).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/37 og 94/43/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*G.J.L. Avery*

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 147.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 65.

(<sup>3</sup>) Stjtíð. EB nr. L 227, 1. 9. 1994, bls. 31.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/37/EBE**  
**frá 22. júlí 1994**  
**um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE**  
**um markaðssetningu plöntuvarnarefna(\*)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**  
**HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/71/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 18. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eru settar fram kröfur um skjöl sem umsækjendur eiga að leggja fram við skráningu virks efnis í I. viðauka og til að fá leyfi fyrir plöntuvarnarefni.

Í II. og III. viðauka verða umsækjendur að geta séð eins nákvæmlega og unnt er hvaða upplýsinga er krafist, svo sem við hvaða aðstæður, skilyrði og með hvaða tæknilegu aðferðarlýsingum ákveðin próf skulu gerð. Þessum nákvæmnisatriðum skal komið á framfæri um leið og þau liggja fyrir til að umsækjendur geti notað þau við skjalagerð sína.

Nú er unnt að gera nákvæmari grein fyrir kröfum um gögn varðandi auðkenni, eðlis- og efnafræðilega eiginleika og nánari upplýsingar um virka efnið sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. þætti A-hluta II. viðauka.

Nú er unnt að gera nákvæmari grein fyrir kröfum um gögn varðandi auðkenni, eðlisfræðilega, efnafræðilega og tæknilega eiginleika og nánari upplýsingar um plöntuvarnarefnið sem kveðið er á um í 1. — 4. þætti A-hluta III. viðauka.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 91/414/EBE:

1. Í stað 1. liðar, „Auðkenni virka efnisins“, 2. liðar, „Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar virka efnisins“ og 3. liðar „Frekari upplýsingar um virka efnið“ í A-hluta II. viðauka komi I. viðauki við þessa tilskipun.
2. Í stað 1. liðar, „Auðkenni plöntuvarnarefnisins“, 2. liðar, „Eðlisfræðilegir, efnafræðilegir og tæknilegir eiginleikar plöntuvarnarefnisins“, 3. liðar, „Gögn um notkun“ og 4. liðar „Frekari upplýsingar um plöntuvarnarefnið“ í A-hluta III. viðauka komi II. viðauki við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu leiða í lög nauðsynleg lög og stjórnslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. ágúst 1994.

Gjört í Brussel 22. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 65, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 221, 31. 8. 1993, bls. 27.

## VIÐAUKI I

### 1. Auðkenni virka efnisins

Upplýsingarnar sem eru veittar verða að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að auðkenna sérhvert virkt efni, skilgreina það með tilliti til forskrifta og greina eðli þess. Viðkomandi upplýsinga og gagna er krafist fyrir öll virk efni, nema annað sé tekið fram.

#### 1.1. Umsækjandi (nafn, heimilisfang, o.s.frv.)

Veita skal upplýsingar um nafn og heimilisfang umsækjanda (fast heimilisfang í bandalaginu), ásamt nafni, stöðu, síma- og bréfasímanúmeri tengiliðar.

Hafi umsækjandi ennfremur skrifstofu, umboðsmann eða fulltrúa í aðildarríki sem umsókn um skráningu í I. viðauka er send til og, ef ekki er um sama aðildarríkið að ræða, í aðildarríki sem hefur framsögu, tilnefndu af framkvæmdastjórninni, skal tilgreina nafn og heimilisfang skrifstofu, umboðsmanns eða fulltrúa á staðnum, ásamt nafni, stöðu, síma- og bréfasímanúmeri tengiliðar.

#### 1.2. Framleiðandi (nafn, heimilisfang, þar með talið staðsetning verksmiðjunnar)

Veita skal upplýsingar um nafn og heimilisfang framleiðanda eða framleiðenda virka efnisins ásamt nafni og heimilisfangi allra verksmiðja sem framleiða virka efnið. Tilgreina skal tengilið (helst aðaltengilið með nafni, síma- og bréfasímanúmeri) með það fyrir augum að veita dagfærðar upplýsingar og svara fyrirspurnum um framleiðslutækni, framleiðsluferli og gæði framleiðsluvörunnar (þar með talið, ef við á, einstakra framleiðslulota). Verði breyting á heimilisfangi eða númeri framleiðenda eftir að virkt efni hefur verið skráð í I. viðauka skal senda framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum aftur þær upplýsingarnar sem krafist er.

#### 1.3. Almennt heiti lagt til eða viðurkennt af ISO ásamt samheitum

Almennt ISO-heiti, fyrirhugað ISO-heiti og, ef við á, önnur fyrirhuguð eða samþykkt heiti (samheiti), þar með talið heiti (titill) á viðkomandi yfirvaldi nafnakerfis.

#### 1.4. Efnaheiti (IUPAC- og CA-nafnakerfi)

Efnaheiti skal tilgreint á sama hátt og í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða, ef það kemur ekki fram í tilskipuninni, í samræmi við bæði IUPAC- og CA-nafnakerfið.

#### 1.5. Þróunarnúmer framleiðanda

Tilgreina skal kenninúmer, sem eru notuð meðan þróunarvinna stendur yfir, til að auðkenna virka efnið og hugsanlega efnasamsetningar sem innihalda virka efnið. Fyrir hvert kenninúmer sem er tilgreint skal tekið fram til hvaða efnis það vísar, á hvaða tímabili það var notað og í hvaða aðildarríkjum eða öðrum löndum það hefur verið og er notað.

#### 1.6. CAS-, EBE- og CIPAC-númer (ef til er)

Tilgreina skal númer að því er varðar Chemical Abstracts, EBE (EINECS eða ELINCS) og CIPAC ef þau eru til.

#### 1.7. Sameinda- og byggingarformúla, sameindamassi

Gefa skal upp sameindaformúlu, sameindamassa og byggingarformúlu virka efnisins og, ef við á, byggingarformúlu fyrir öll stereó-myndbrigði og ljósfræðileg myndbrigði (ísómer) í virka efninu.



### 1.8. Aðferð við framleiðslu (nýmyndunaraðferð) virka efnisins

Veita skal upplýsingar um framleiðsluaðferð sérhverrar verksmiðju, með tilliti til auðkenna hráefnis, viðkomandi efnaferla og auðkenna aukaafurða og óhreininda í endanlegu afurðinni. Yfirleitt er upplýsinga um verktækni ekki krafist.

Ef upplýsingar sem eru veittar tengjast plönturæktunartilraunum skulu þær veittar aftur þegar jafnvægi hefur skapast um aðferðir og reglur í framleiðslugreinum.

### 1.9. Hreinleiki virka efnisins í g/kg

Tilgreina skal lágmarksinnihald af hreinu virku efni í g/kg (að undanskildum óvirkum myndbrigðum) í verksmiðjuframleidda efninu sem er notað til framleiðslu á tilbúinni efnasamsetningu.

Ef upplýsingar sem eru veittar tengjast plönturæktunartilraunum skal senda framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum þær aftur þegar jafnvægi hefur skapast um aðferðir og reglur í framleiðslugreinum, en þó því aðeins að breytingar á framleiðslu leiði til breytinga á hreinleikakröfum.

### 1.10. Myndbrigði, óhreinindi og aukefni (t.d. stöðugleikaefni) ásamt byggingarformúlu og innihaldi, gefið upp í g/kg

Veita skal upplýsingar um hámarksinnihald óvirkra myndbrigða og, ef við á, hlutfall myndbrigða/díastereó-myndbrigða í g/kg. Að auki skal tilgreina í g/kg hámarksinnihald allra annarra efnisþátta en aukefnisins, þar með talið aukaafurðir og óhreinindi. Að því er aukefni varðar skal tilgreina innihald í g/kg.

Fyrir hvern efnisþátt, sem að magni til er 1 g/kg eða meira, skulu eftirfarandi upplýsingar veittar, ef við á:

- efnaheiti í samræmi við IUPAC- og CA-nafnakerfið,
- fyrirhugað eða samþykkt ISO-heiti, ef til er,
- CAS-númer, EBE-númer (EINECS- eða ELINCS-númer) og CIPAC-númer ef til er,
- sameinda- og byggingarformúla,
- sameindamassi og
- hámarksinnihald í g/kg.

Ef framleiðsluferlið hefur í för með sér að í virka efninu kunni að vera óhreinindi og aukaafurðir, sem eru sérlega óæskileg vegna eiturefnafræðilegra, umhverfiseiturefnafræðilegra eða umhverfislegra eiginleika þeirra, skal ákvarða og skrá innihald slíkra efnisþátta. Í því tilviki ber að tilgreina fyrir hvern efnisþátt hvaða greiningaraðferð er notuð og ákvörðunarmörkin, sem verða að vera nógu lág. Að auki skal veita eftirfarandi upplýsingar, ef við á:

- efnaheiti í samræmi við IUPAC- og CA-nafnakerfið,
- fyrirhugað eða samþykkt ISO-heiti, ef til er,
- CAS-númer, EBE-númer (EINECS- eða ELINCS-númer) og CIPAC-númer ef til er,
- sameinda- og byggingarformúla,
- sameindamassi og
- hámarksinnihald í g/kg.

Ef upplýsingar sem eru veittar tengjast plönturæktunartilraunum skal veita þær aftur þegar jafnvægi hefur skapast um aðferðir og reglur í framleiðslugreinum, en þó því aðeins að breytingar á framleiðsluleiði til breytinga á hreinleikakröfum.

Ef ekki er unnt að auðkenna efnispátt til fulls, til dæmis þéttuð efni, á grundvelli upplýsinganna skal veita nákvæmar upplýsingar um samsetningu hvers efnispáttar.

Einnig skal, ef við á, tilgreina viðskiptaheiti efnispáttanna sem er bætt við virka efnid áður en tilbúna efnasamsetningin er framleidd til að varðveita stöðugleika og auðvelda meðhöndlun þess. Að auki skal veita eftirfarandi upplýsingar fyrir slík aukefni, ef við á:

- efnaheiti í samræmi við IUPAC- og CA-nafnakerfið,
- fyrirhugað eða samþykkt ISO-heiti, ef til er,
- CAS-númer, EBE-númer (EINECS- eða ELINCS-númer) og CIPAC-númer ef til er,
- sameinda- og byggingarformúla,
- sameindamassi og
- hámarksinnihald í g/kg.

Vegna efnispáttanna sem bætt er við, þ.e. annarra efnispáttanna en virka efnisins og óhreininda sem myndast á framleiðsluferlinu, ber að tilgreina hvaða hlutverki efnispáttir (aukefni) gegna:

- froðueyðandi efni,
- ísvari,
- bindiefni,
- jafnalausn,
- dreifiefni,
- stöðugleikaefni,
- annað (tilgreinið).

#### 1.11. Greining framleiðslulota

Greina skal dæmigerð sýni úr virka efninu að því er varðar hreint virkt efni, óvirk myndbrigði, óhreinindi og aukefni, eftir því sem við á. Þær greiningarniðurstöður sem eru skráðar skulu fela í sér töluleg gögn, þ.e. innihald í g/kg, um alla efnispáttanna sem að magni til eru yfir 1 g/kg og yfirlit skal gera grein fyrir 98% efnisins. Raunverulegt innihald efnispáttanna, sem eru sérlega óæskilegir vegna eiturefnafræðilegra, umhverfiseiturefnafræðilegra eða umhverfislegra eiginleika þeirra, ber að ákvarða og skrá. Skráð gögn skulu fela í sér niðurstöður úr greiningu einstakra sýna og yfirlit yfir gögnin, til að sýna lágmark eða hámark og dæmigert innihald sérhvers viðkomandi efnispáttar, eftir því sem við á.

Ef virkt efni er framleitt í ýmsum verksmiðjum skulu upplýsingarnar veittar fyrir hverja einstaka verksmiðju.

Að auki skal, sé það fyrir hendi og vel til fallið, greina sýni úr virka efninu sem er framleitt á rannsóknarstofu eða í ræktunartilraunum, hafi slíkt efni verið notað til að afla eiturefnafræðilegra eða umhverfiseiturefnafræðilegra gagna.

## 2. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar virkra efnisins

- i) Upplýsingar sem eru veittar skulu lýsa eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum virkra efna og þjóna þeim tilgangi, ásamt öðrum viðkomandi upplýsingum, að greina eðli efnanna. Með upplýsingunum skal einkum gert kleift:

- að greina eðlisfræðilega, efnafræðilega og tæknilega hættu er tengist virkum efnum,
- að flokka efnin eftir hættu,
- að ákvarða viðeigandi takmarkanir og skilyrði í tengslum við skráningu í I. viðauka,
- að tilgreina viðeigandi hættu- og öryggissetningar.

Upplýsinga og gagna, sem vísað er til, er krafist fyrir öll virk efni nema annað sé tekið fram.

- ii) Upplýsingar sem eru veittar skulu, ásamt upplýsingum sem eru veittar um efnablöndur, gera kleift að greina eðlisfræðilega, efnafræðilega og tæknilega hættu er tengist efnablöndum, að flokka efnablöndur og staðfesta að unnt sé með góðu móti að nota efnablöndur á þann hátt að áhætta fyrir menn, dýr og umhverfi sé sem allra minnst með tilliti til notkunar.

- iii) Tilgreina skal í hve miklum mæli virk efni, sem sótt er um skráningu í I. viðauka fyrir, samræmast viðkomandi forskriftum FAO. Frávikum frá forskriftum FAO skal lýst nákvæmlega og þau rökstudd.

- iv) Við ákveðnar nánar tiltekna aðstæður skulu prófanir gerðar á hreinu virku efni með tiltekna forskrift. Í slíkum tilvikum ber að skrá meginreglur um hreinsunaraðferðirnar sem eru notaðar. Hreinleiki prófunarefnis, sem á að vera eins mikill og mögulegt er með því að beita fullkomnustu tækni sem völ er á, skal tilgreindur. Rökstudd ástæða skal gefin þegar hreinleiki er minni en 980 g/kg.

Slíkur rökstuðningur skal sýna fram á að allar eðlilegar og tæknilega færar leiðir til þess að framleiða virka efnið hafi verið prófaðar.

### 2.1. Bræðslumark og suðumark

- 2.1.1. Bræðslumark, eða eftir atvikum storknunar- eða frostmark, fyrir hreint virkt efni skal ákvarðað og skráð í samræmi við EBE-aðferð A 1. Mælingar skulu gerðar að 360°.

- 2.1.2. Suðumark fyrir hreint virkt efni skal, ef við á, ákvarðað og skráð í samræmi við EBE-aðferð A 2. Mælingar skulu gerðar að 360°.

- 2.1.3. Ef ekki er unnt að ákvarða bræðslumark og/eða suðumark sökum niðurbrots eða þurrugufunar skal skrá hitastig við niðurbrot eða þurrugufun.

### 2.2. Hlutfallslegur eðlismassi

Fyrir fljótandi eða föst virk efni skal hlutfallslegur eðlismassi ákvarðaður og skráður í samræmi við EBE-aðferð A 3.

### 2.3. Gufuþrýstingur (í Pa), rokgirni (t.d. fasti skv. lögmáli Henrys)

- 2.3.1. Gufuþrýstingur í hreinu virku efni skal skráður í samræmi við EBE-aðferð A 4. Sé gufuþrýstingur undir  $10^5$  Pa er unnt að ákvarða gufuþrýsting við 20 eða 25° með því að nota gufuþrýstingsferil.

2.3.2. Fyrir föst eða fljótandi virk efni skal rokgrini (fasti skv. lögmáli Henrys) í hreinu virku efni ákvarðað eða reiknað út frá vatnsleysni og gufuþrýstingi og skráð (í Pa x m<sup>3</sup> x mol<sup>-1</sup>).

2.4. Útlit (efnislegt ástand, litur og lykt; ef þekkt)

2.4.1. Gefa skal lýsingu bæði á lit, ef hann er greinanlegur, og eðlisfræðilegu ástandi virka efnisins, bæði sem verksmiðjuframleitt og hreint virkt efni.

2.4.2. Gefa skal lýsingu á lykt sem tengist virka efninu, bæði sem verksmiðjuframleitt og hreint virkt efni, sem kann að finnast við meðhöndlun efnisins á rannsóknarstofum eða verksmiðjum.

2.5. Litróf (UV/VIS, IR, NMR, MS), eðlisgleypni við viðeigandi bylgjulengd

2.5.1. Eftirfarandi litróf, að meðtalinni töflu yfir auðkennandi merki, skal ákvarðað og skráð: útfjólublátt/sýnilegt (UV/VIS), innrautt (R), kjarnasegulherma (NMR) og massaróf (MS) í hreinu virku efni; auk þess skal ákvarða og skrá eðlisgleypni á viðkomandi bylgjulengd.

Ákvarða skal og skrá á hvaða bylgjulengdum UV/VIS eðlisgleypni verður ásamt, ef við á, bylgjulengd með hæstu gleypni yfir 290 nm.

Að því er varðar virk efni sem eru aðskilin ljósfræðileg myndbrigði skal sýnilegur hreinleiki þeirra mældur og skráður.

2.5.2. Ákvarða skal og skrá UV/VIS-gleypniróf, IR-, NMR- og MS-róf sé það nauðsynlegt til að geta borið kennsl á óhreinindi er teljast hafa eitrefnafræðileg, umhverfiseitrefnafræðileg eða umhverfisleg áhrif.

2.6. Leysni í vatni þar með talin áhrif pH (4 til 10) á leysni

Vatnsleysni virks efnis við loftþrýsting skal ákvarða og skrá í samræmi við EBE-aðferð A 6. Ákvarða skal vatnsleysni á hlutlausu mælisviði (t.d. í eimuðu vatni í jafnvægi við koldíoxíð andrúmslofts). Ef virka efnið getur myndað járn skal enn fremur ákvarða og skrá gildi fyrir súrt (pH 4 til 6) og basískt (pH 8 til 10) mælisvið. Ef stöðugleiki virka efnisins í vatni er of lítill til að unnt sé að ákvarða vatnsleysnina skulu færð rök fyrir því á grundvelli prófunargagnanna.

2.7. Leysni í lífrænum leysum

Leysni virks efnis, sem er verksmiðjuframleitt efni, í eftirtöldum lífrænum leysum við 15 til 25 skal ákvörðuð og skráð ef hún er undir 250 g/kg, og skal hitastigið tilgreint:

- Alífatískt vetniskolefni: helst n-heptan
- Arómatísk vetniskolefni: helst xýlen
- Halógenað vetniskolefni: helst 1,2-díklóretan
- Alkóhól: helst metanól eða ísóprópýl alkóhól
- Ketón: helst asetón
- Ester: helst etýlasetat

Ef einn eða fleiri leysar henta ekki fyrir tiltekið virkt efni (t.d. ef efnahvörf verða við prófunarefnið) er hægt að nota aðra leysa í staðinn. Í slíkum tilvikum skal rökstyðja val á leysum með tilliti til byggingar eða pólunar.

2.8. Deilistuðull n-oktanól/vatn þar með talin áhrif pH (4 til 10)

n-oktanól/vatn deilistuðul hreins efnis skal ákvarða og skrá í samræmi við EBE-aðferð A 8. Áhrif pH (4 til 10) skulu rannsökuð ef efnið er súrt eða basískt ( $pK_a < 12$  fyrir sýrur,  $pK_a > 2$  fyrir basa).

2.9. Stöðugleiki í vatni, vatnsrofshraði, ljósefnafræðilegt niðurbrot, skammtanýtni og auðkenni niðurbrotsafurð (niðurbrotsafurðir), niðurbrotsfasti, þar með talin áhrif pH (4 til 9)

2.9. 1. Vatnsrofshraða hreinna virkra efna (yfirleitt virkt efni merkt sem geislavirkt efni, með  $> 95\%$  hreinleika) fyrir hvert pH-gildi 4, 7 og 9, við dauðhreinsaðar aðstæður í myrkri, skal ákvarða og skrá samkvæmt EBE-aðferð C 7. Fyrir efni með lágan vatnsrofshraða er hægt að ákvarða hraðann við 50eða annað viðeigandi hitastig.

Eigi niðurbrot sér stað við 50skal ákvarða niðurbrotshraða við annað hitastig og draga upp Arrhenius-skýringarmynd svo að unnt sé að meta vatnsrof við 20. Gera skal grein fyrir vatnsrofsafurðum sem myndast og hraðanum sem stöðugt fylgst er með. Einnig ber að gera grein fyrir áætluðu DT 50 gildi.

2.9.2. Fyrir sambönd með mólargleypnistuðulinn  $> 10$  ( $1 \times \text{mól}^{-1} \times \text{sm}^{-1}$ ) á bylgjulengd  $> 290$  nm skal beint ljósniðurbrot í hreinu (þ.e. eimuðu) vatni við 20 til 25, á hreinu virku efni sem er yfirleitt merkt sem geislavirkt efni ákvarðað, við dauðhreinsaðar aðstæður í gerviljósi, ef nauðsyn ber til með aðstoð uppleysandi efnis, og skráð. Næmifefni á borð við asetón skulu ekki notuð sem hjálparleysar eða uppleysandi efni. Ljósgeigjafinn skal líkja eftir sólarljósi og vera útbúinn með síum til að útiloka geislun á bylgjulengd  $> 290$  nm. Ennfremur skal veita upplýsingar um auðkenni niðurbrotsafurða sem myndast og eru til staðar einhvern tíma meðan á rannsókninni stendur í magni sem er  $> 10\%$  af viðbættu virku efni, massajafnvægi sem er minnst 90% af viðbættu geislavirku efni, ásamt ljósefnafræðilegum helmingunartíma.

2.9.3. Sé nauðsynlegt að rannsaka beint ljósniðurbrot skal ákvarða og skrá skammtanýtni beins ljósniðurbrots í vatni, ásamt útreikningum til að meta fræðilegan helmingunartíma virka efnisins í efstu lögum vatnskerfisins og raunverulegan helmingunartíma efnisins.

Aðferðinni er lýst í Endurskoðuðum viðmiðunarreglum FAO um umhverfisviðmiðanir vegna skráningar varnarefna.

2.9.4. Ef sundrun í vatni á sér stað skal ákvarða og skrá sundrunarfasta ( $pK_a$ -gildi) hreinsaða virka efnisins í samræmi við 112. prófunarreglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Veita skal upplýsingar um auðkenni sundrunartegunda sem myndast, samkvæmt fræðilegri umfjöllun. Ef virka efnið er salt skal tilgreina  $pK_a$ -gildi virka efnisins.

2.10. Stöðugleiki í lofti, ljósefnafræðilegt niðurbrot, auðkenni niðurbrotsefnis (niðurbrotsefna)

Mat á ljósefnafræðilegu oxunarniðurbroti (óbeint ljósniðurbrot) virka efnisins skal lagt fram.

2.11. Eldfimi, þar með talin sjálfkvikun

2.11.1. Eldfimi virkra efna sem er verksmiðjuframleitt efni í formi fasts efnis, lofttegunda eða efna sem mynda mjög eldfimar lofttegundir, skal ákvarða og skrá í samræmi við EBE-aðferð A 10, A 11 eða A 12, eftir því sem við á.

2.11.2. Sjálfskvikun virkra efna sem er verksmiðjuframleitt efni skal ákvarða og skrá í samræmi við EBE-aðferð A 15 eða A 16 og/eða, ef við á, í samræmi við UN-Bowes-Cameron-Cage-prófnum (Tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum, 14. kafli, nr. 14.3.4).

2.12. Kveikjumark

Kveikjumark virkra efna sem er verksmiðjuframleitt efni með bræðslumark undir 40skal ákvarðað og skráð í samræmi við EBE-aðferð A 9; eingöngu skal nota aðferðir með lokuðum flátum.

### 2.13. Sprengifimi

Sprengifimi virka efna sem eru verksmiðjuframleidd efni skal ákvörðuð og skráð í samræmi við EBE-aðferð A 14, ef við á.

### 2.14. Yfirborðsspenna

Yfirborðsspenna skal ákvörðuð og skráð í samræmi við EBE-aðferð A 5.

### 2.15. Oxunareiginleikar

Oxunareiginleika virka efna sem eru verksmiðjuframleidd efni skal ákvarða og skrá í samræmi við EBE-aðferð A 17, nema rannsókn á byggingu þeirra staðfesti með óyggjandi hætti að varmaorka losni ekki úr læðingi þegar virka efnið kemst í snertingu við eldfimt efni. Í því tilviki nægir að leggja fram upplýsingar sem réttlæta að oxunareiginleikar efnis séu ekki ákvarðaðir.

## 3. Frekari upplýsingar um virka efnið

- i) Upplýsingarnar sem eru veittar skulu lýsa því í hvaða tilgangi efnablöndurnar sem innihalda virka efnið eru eða verða hugsanlega notaðar og í hvaða skömmtum og með hvaða aðferðum þær eru eða verða hugsanlega notaðar.
- ii) Upplýsingarnar sem eru veittar skulu fela í sér lýsingu á því hvað aðferðum og varúðarráðstöfunum ber að fylgja við meðhöndlun, geymslu og flutning virka efnisins.
- iii) Rannsóknir, gögn og upplýsingar sem gerð er grein fyrir, ásamt öðrum viðkomandi rannsóknnum, gögnum og upplýsingum, skulu bæði tilgreina og réttlæta aðferðir og varúðarráðstafanir sem ber að fylgja ef eldur skyldi kvikna. Meta skal á grundvelli efnafræðilegrar byggingar og eðlis- og efnafræðilegra eiginleika virka efnisins hvaða brennsluafurðir kunni að myndast við bruna.
- iv) Rannsóknir, gögn og upplýsingar sem gerð er grein fyrir, ásamt öðrum viðkomandi rannsóknnum, gögnum og upplýsingum, skulu sýna fram á að fyrirhugaðar neyðarráðstafanir séu hentugar.
- v) Upplýsinga og gagna sem um getur er krafist fyrir öll virk efni, nema annað sé tekið fram.

### 3.1. Hlutverk t.d. sveppaeyðir, illgresiseyðir, skordýraeitur, fæliefni, stýriefni

Nota skal eitthvert eftirtalinna hugtaka til að lýsa hlutverki:

- mauraetit
- bakteríueyðir
- sveppaeyðir
- illgresiseyðir
- skordýraeitur
- lindýraeitur
- þráðormaeitur
- stýriefni

- fæliefni
- nagdýraeitur
- efni sem breyta einkennum lífvera
- moldvörpueitur
- veirueyðir
- annað (verður að tilgreina)

3.2. Áhrif á skaðlegar lífverur, t.d. snerti-, innöndunar- eða magaeitur, sveppaeitur o.s.frv., kerfisverkun eða ekki í plöntum

3.2.1. Tilgreina skal áhrif á skaðlegar lífverur:

- verkun við snertingu
- verkun um maga
- verkun við innöndun
- sveppaeiturverkun
- sveppaheftandi verkun
- þurrkandi verkun
- æxlunarheftandi verkun
- annað (verður að tilgreina)

3.2.2. Tilgreina skal tilflutning virka efnisins í plöntunum og, ef við á, hvort slíkur tilflutningur á sér stað um æðakerfi, milli fruma eða hvortveggja.

3.3. Fyrirhugað notkunarvið, t.d. akur, varin ræktun, geymsla plöntuafurða, einkagarður

Tilgreina skal gildandi og fyrirhugað notkunarvið efnablandna sem innihalda virka efnið, með því að nota einhverja af eftirtöldum lýsingum:

- Notkunarvið, t.d. landbúnaður, garðrækt, skógrækt og vínrækt —varin ræktun
- útivistarsvæði
- uppræting illgresis á óræktuðum svæðum
- einkagarður
- stofuplöntur
- geymsla plöntuafurða
- annað (verður að tilgreina)

- 3.4. Skaðlegar lífverur sem halda á í skefjum og ræktun eða vörur sem á að verja eða meðhöndla
- 3.4.1. Veita skal upplýsingar um gildandi og fyrirhugaða notkun með tilliti til ræktunar, ræktunarflokka, plantna eða plöntuafurða sem er meðhöndluð og, ef við á, varin.
- 3.4.2. Ef við á skal veita upplýsingar um þær skaðlegu lífverur sem aðgerðin beinist gegn.
- 3.4.3. Ef við á skal gera grein fyrir þeim árangri sem næst, þ.e. spírunarhömlun, vaxtartálmun, styttri stilkur og aukin frjósemi.
- 3.5. Verkunarmáti
- 3.5.1. Gefa skal yfirlýsingu um verkunarmáta virka efnisins með tilliti til, ef við á, viðkomandi lífefna- og lífeðlisfræðilegra kerfa og lífefnafræðilegra ferla, að því marki sem vitneskja er fyrir hendi.
- 3.5.2. Ef vitað er, að til að hafa tilætluð áhrif verður virka efnið að umbreytast í efnaskipta- eða niðurbrotsafurð eftir framköllun eða notkun efnablandnanna sem það inniheldur skulu eftirfarandi upplýsingar veittar fyrir virka efnaskipta- eða niðurbrotsafurð og, ef við á, er vísað til og tekið tillit til upplýsinga sem eru veittar á grundvelli 5.6, 5.11, 6.1, 6.2, 6.7, 7.1, 7.2 og 9:
- efnaheiti í samræmi við IUPAC- og CA-nafnakerfið,
  - samþykkt eða fyrirhugað ISO-heiti,
  - CAS-númer, EBE-númer (EINECS- eða ELINCS-númer) og CIPAC-númer ef til er,)
  - sameinda- og byggingarformúla og
  - sameindamassi.
- 3.5.3. Fyrirliggjandi upplýsingar um myndun virkra efnaskipta- og niðurbrotsafurða skulu veittar, þar á meðal:
- viðkomandi ferli, kerfi og efnahvörf,
  - hvarfafræði og aðrar upplýsingar um ummyndunarhraða og hraðahindrunarstig, ef það er þekkt,
  - umhverfisþættir og aðrir þættir sem hafa áhrif á hraða og umfang umbreytingar.
- 3.6. Upplýsingar um myndun eða hugsanlega myndun þols gegn efninu og viðeigandi varnarúræði
- Veita skal upplýsingar um þol gegn efninu eða hugsanlegt víxlþol.
- 3.7. Aðferðir og varúðarráðstafanir sem mælt er með varðandi meðhöndlun, geymslu, flutning eða eld
- Leggja skal fram öryggisgögn um öll virk efni samkvæmt 27. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/ EBE <sup>(1)</sup>.
- 3.8. Aðferðir við eyðingu eða afmengun
- 3.8.1. Brennsla undir eftirliti
- Í mörgum tilvikum er brennsla undir eftirliti í brennsluofni sem leyfi er fyrir helsta eða eina leiðin til að farga á öruggan hátt virkum efnum, menguðum efnum eða menguðum umbúðum.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.



Ef innihald halógena í virka efninu er meira en 60% skal tilgreina hitaniðurbrot virka efnisins við stýrðar aðstæður (þ.m.t. viðeigandi súrefnismagn og skilgreindan stöðvunartíma) við 800°Cog innihald fjölhalógenaða díbensó-p-díoxíða og díbensó-fúrans í hitaniðurbrotsafurðum. Á umsókninni skulu koma fram nákvæmar leiðbeiningar um örugga förgun.

### 3.8.2. Annað

Lýsa skal nákvæmlega öðrum aðferðum við förgun á virku efni, menguðum umbúðum og menguðum efnum ef mælt er fyrir um þær. Leggja skal fram gögn vegna slíkra aðferða til að staðfesta gagnsemi þeirra og öryggi.

### 3.9. Neyðarráðstafanir ef slys verður

Setja skal reglur um afmengun vatns ef slys verður.

## VIÐAUKI II

### 1. Auðkenni plöntuvarnarefnisins

Upplýsingarnar sem eru veittar, ásamt upplýsingum sem eru veittar fyrir virk efni, verða að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að auðkenna efnablöndur, skilgreina þær með tilliti til forskrifa og greina eðli þeirra. Viðkomandi upplýsinga og gagna er krafist fyrir öll plöntuvarnarefni, nema annað sé tekið fram.

#### 1.1. Umsækjandi (nafn, heimilisfang, o.s.frv.)

Veita skal upplýsingar um nafn og heimilisfang umsækjanda (fast heimilisfang í bandalaginu), ásamt nafni, stöðu, síma- og bréfasímanúmeri tengiliðar.

Hafi umsækjandi ennfremur skrifstofu, umboðsmann eða fulltrúa í aðildarríki þar sem sótt er um skráningu, skal tilgreina nafn og heimilisfang skrifstofu, umboðsmanns eða fulltrúa á staðnum, ásamt nafni, stöðu, síma- og bréfasímanúmeri tengiliðar.

#### 1.2. Framleiðandi efnablöndunnar og virka efnisins eða efnanna (nafn, heimilisfang o.s.frv., þar með talið staðsetning verksmiðjanna)

Veita skal upplýsingar um nafn og heimilisfang framleiðanda efnablöndunnar og sérhvers virks efnis í efnablöndunni ásamt nafni og heimilisfangi allra verksmiðja sem framleiða efnablönduna og virka efnið.

Í hverju tilviki skal tilgreina tengilið (helst aðaltengilið með nafni, síma- og bréfasímanúmeri).

Ef virka efnið kemur frá framleiðanda sem hefur ekki áður lagt fram gögn í samræmi við II. viðauka ber að leggja fram yfirlýsingu, sem kveðið er á um í II. viðauka, um hreinleika og nákvæmar upplýsingar um óhreinindi.

#### 1.3. Viðskiptaheiti eða tillaga að viðskiptaheiti og þróunarnúmer framleiðandans fyrir efnablönduna, ef við á

Tilgreina skal öll fyrri, núgildandi og fyrirhuguð viðskiptaheiti og þróunarnúmer fyrir efnablönduna ásamt núgildandi nöfnum og númerum. Ef viðskiptaheiti og númer sem vísað er til tengjast svipuðum en þó öðrum efnablöndum (hugsanlega fyrndum), skal leggja fram nákvæma lýsingu á mismuninum. (Tillaga að viðskiptaheiti má ekki valda ruglingi við annað viðskiptaheiti plöntuvarnarefnis sem þegar hefur verið skráð.)

#### 1.4. Nákvæmar upplýsingar um magn og gæði er varða samsetningu efnablöndunnar (virk efni og hjálparefni)

##### 1.4.1. Veita skal eftirfarandi upplýsingar vegna efnablanda:

- innihald virkra efna, tæknilegra og hreinna;
- innihald hjálparefna.

Styrkleikann skal tilgreina á þann hátt sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 78/631/EBE.

##### 1.4.2. Fyrir virk efni skal tilgreina almennt ISO-heiti eða fyrirhuguð ISO-heiti og CIPAC-númer þeirra og, ef til er, EBE-númer (EINECS- eða ELINCS-númer). Þar sem við á skal tilgreina hvaða sölt, estarar, forskauts- eða bakskautsjón eru til staðar.

1.4.3. Hjálparefni skulu, þar sem unnt er, auðkennd bæði með efnaheiti sínu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða, ef þau eru ekki tilgreind í tilskipuninni, í samræmi við bæði IUPAC- og CA-nafnakerfið. Tilgreina skal byggingu þeirra eða byggingarformúlu. Fyrir hvert innihaldsefni hjálparefnanna skal tilgreina viðkomandi EBE-númer (EINECS- eða ELINCS-númer) og CAS-númer, ef þau eru til. Einnig skal tilgreina viðskiptaheiti hjálparefna ef þau eru til.

1.4.4. Gefa skal upp virkni hjálparefna:

- heftiefni,
- froðueyðandi efni,
- ísvari,
- bindiefni,
- jafnalausn,
- burðarefni,
- lyktheyðandi efni,
- dreifiefni,
- litarefni,
- uppsöluefni,
- ýruefni,
- áburður,
- rotvarnarefni,
- lyktarefni,
- ilmefni,
- drifefni,
- fæliefni,
- mildandi efni,
- leysiefni,
- stöðugleikaefni,
- efni sem stuðlar að samvirkni,
- þykkingarefni,
- lausnarefni,
- ýmis efni (tilgreinið nánar).

1.5. Ástand og eðli efnablöndunnar (fleytiþykkni, lausnarduft, lausn o.s.frv.)

1.5.1. Efnablanda skal fá tegundarheiti og númer í samræmi við „Skrá yfir gerðir varnarefnablandna og alþjóðlegt skráningarkerfi“ (tæknileg greinargerð GIFAP nr. 2, 1989)“.

Ef tiltekin efnablanda er ekki skilgreind nákvæmlega í þessu skjali skal leggja fram ítarlega lýsingu á eðlisfræðilegum eiginleikum og gerð efnablöndunnar ásamt tillögu að viðeigandi lýsingu á gerð efnablöndunnar og tillögu að skilgreiningu á henni.

1.6. Virkni (illgresiseyðir, skordýraeyðir o.s.frv.)

Nota skal eitthvert eftirtalinna hugtaka til að lýsa virkni:

- mauraeytur,
- bakteríueyðir,
- sveppaeyðir,
- illgresiseyðir,
- skordýraeytur,
- lindýraeytur,
- þráðormaeitur,
- stýriefni,
- fæliefni
- nagdýraeytur,
- efni sem breyta einkennum lífvera,
- moldvörpueitur,
- veirueyðir,
- annað (verður að tilgreina).

**2. Eðlisfræðilegir, efnafræðilegir og tæknilegir eiginleikar plöntuvarnarefnisins**

Tilgreina skal að hve miklu leyti plöntuvarnarefni sem sótt er um heimild fyrir samrýmist viðeigandi forskriftum FAO sem sérfræðingahópur, úr sérfræðingadómnefnd FAO um forskriftir varnarefna, skráningarkröfur og notkunarstaðla, hefur samþykkt. Frávikum frá forskriftum FAO skal lýst nákvæmlega í smáatriðum og þau rökstudd.

2.1. Útlit (litur og lykt)

Gefa skal lýsingu bæði á lit og lykt, ef um slíkt er að ræða, og eðlisfræðilegu ástandi efnablöndunnar.

2.2. Sprengifimi og oxunareiginleikar

2.2.1 Veita skal upplýsingar um sprengifimi efnablandnanna í samræmi við EBE-aðferð A 14. Ef varmafræðilegar upplýsingar staðfesta svo ekki verði um villst að útvermið efnahvarf geti ekki átt sér stað í efnablöndunni, nægir að gefa þessar upplýsingar til réttlættingar á því að sprengifim innihaldsefni efnablöndunnar eru ekki ákvörðuð.

2.2.2. Ákvarða verður oxunareiginleika efnablandnanna og tilgreina þá í samræmi við EBE-aðferð A 17. Fyrir aðrar efnablöndur skal færa rök fyrir þeirri aðferð sem notuð er. Ekki þarf að ákvarða oxunareiginleika ef hægt er að staðfesta með óbyggjandi hætti á grundvelli varmafræðilegra upplýsinga að varmaorka losni ekki úr læðingi þegar efnablandan kemst í snertingu við eldfim efni.

2.3. Kveikjumark og aðrar upplýsingar um eldfimi eða sjálfsíkvikun

Kveikjumark vökva sem innihalda eldfim leysiefni skal ákvarðað og tilgreint í samræmi við EBE-aðferð A 9. Eldfimi fastra efnablanda og lofttegunda skal ákvörðuð og tilgreind í samræmi við EBE-aðferðir A 10, A 11 og A 12, eftir því sem við á. Sjálfsíkveikja efnablandna skal ákvörðuð og tilgreind í samræmi við EBE-aðferðir A 15 eða A 16, eftir því sem við á og/eða, ef nauðsyn krefur, í samræmi við UN-Bowes-Cameron-Cage-prófun (Tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum, 14. kafli, nr. 14.3.4).

2.4. Súrleiki/basastig og, ef nauðsynlegt er, pH-gildi

2.4.1. Ef um er að ræða efnablöndur sem eru súrar ( $\text{pH} < 4$ ) eða basískar ( $\text{pH} > 10$ ) skal ákvarða og tilgreina súrleika eða basastig og pH-gildi í samræmi við CIPAC-aðferð MT 31 og MT 75, eftir því sem við á.

2.4.2. Þar sem við á (ef notuð er vatnslausn) skal pH í 1% af vatnslausn, fleyti eða dreifilausn efnablöndunnar ákvarðað og tilgreint í samræmi við CIPAC-aðferð MT 75.

2.5. Seigja, yfirborðsspenna

2.5.1. Ef um er að ræða vökvablöndur sem er útdað í mjög litlu vökvamagni (Ultra Low Volume (ULV)) skal ákvarða og tilgreina seigju er lýtur að hreyfilýsingu í samræmi við 114. prófunarreglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

2.5.2. Að því er varðar vökva sem ekki er hægt að mæla með Newton-mælieiningunni skal ákvarða og tilgreina seigju ásamt prófunarskilyrðum.

2.5.3. Ef um er að ræða vökvablöndur skal ákvarða og tilgreina yfirborðsspennu í samræmi við EBE-aðferð A 5.

2.6. Eðlismassi og búlkamassi

2.6.1. Eðlismassi vökvablöndu skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við EBE-aðferð A. 3.

2.6.2. Búlkamassi efnablandna sem eru duft eða kyрни skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferðir MT 33, MT 159 eða MT 169, eftir því sem við á.

2.7. Geymsla - stöðugleiki og geymsluþol: Áhrif ljóss, hita og raka á tæknilega eiginleika plöntuvarnarefnis

2.7.1. Stöðugleiki efnablöndu eftir 14 daga geymslu við 54 skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferð MT 46.

Hugsanlega þarf að nota aðra tíma- og/eða hitaeyningu (t.d. átta vikur við 40 eða 12 vikur við 35 eða 18 vikur við 30) ef efnablandan er hitanæm.

Ef innihald virks efnis við hitastöðugleikaprófun hefur minnkað um meira en 5% af upphaflegu tilgreindu innihaldi, skal setja fram lágmarksinnihald og veita upplýsingar um niðurbrotsafurðirnar.

2.7.2. Auk þess skal, ef um er að ræða vökvablöndur, ákvarða og tilgreina áhrif lágs hitastigs á stöðugleika í samræmi við CIPAC-aðferðir MT 39, MT 48, MT 51 eða MT 54, eftir því sem við á.

- 2.7.3. Tilgreina skal geymsluþol efnablöndunnar við umhverfishita. Ef geymsluþol er minna en tvö ár skal tilgreina geymsluþol í mánuðum ásamt viðeigandi forskriftum varðandi hitastig. Nánari upplýsingar er að finna í greinargerð GIFAP nr. 17.
- 2.8. Tæknileg einkenni plöntuvarnarefnis
- Ákvarða skal tæknileg einkenni efnablöndunnar til að unnt sé að meta hvort hægt sé að viðurkenna hana.
- 2.8.1. Vætunarhæfni
- Ákvarða skal og tilgreina vætunarhæfni fastrar efnablöndu sem búið er að þynna fyrir notkun (t.d. lausnarduft, vatnsleysiduft, vatnsleysanlegt kyrni og kyrni í vatnsdreifilausn) í samræmi við CIPAC-aðferð MT 53.3.
- 2.8.2. Varanleiki froðumyndunar
- Varanleiki froðumyndunar efnablandna sem skal þynna með vatni er ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferð MT 47.
- 2.8.3. Myndun og stöðugleiki sviflausnar
- Ákvarða skal og tilgreina myndun sviflausnar fyrir efni í vatnsdreifilausn (t.d. lausnarduft, kyrni í vatnsdreifilausn, kyrni í sviflausn) í samræmi við CIPAC-aðferð MT 15, MT 161 eða MT 168, eftir því sem við á.
  - Ósjálfráð dreifing efna í vatnsdreifilausn (t.d. kyrna í dreifilausn og kyrna í vatnsdreifilausn) í samræmi við CIPAC-aðferðir MT 160 eða MT 174, eftir því sem við á.
- 2.8.4. Upplausnarstöðugleiki
- Upplausnarstöðugleiki vatnsleysanlegra efna skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferð MT 41.
- 2.8.5. Blautsigtiþróf og þurrsgitiþróf
- Til að tryggja hæfilega dreifingu kornastærðar í þurrdufti skal framkvæma og tilgreina þurrsgitiþróf í samræmi við CIPAC-aðferð MT 59.1.
- Að því er varðar efni í vatnsdreifilausn skal framkvæma og tilgreina blautsigtiþróf í samræmi við CIPAC-aðferð MT 59.3 eða MT 167, eftir því sem við á.
- 2.8.6. Dreifing kornastærðar (þurrduft og lausnarduft, kyrni), innihald ryks/smárra efnisagna (kynnis), slit og molnanleiki (kynnis)
- 2.8.6.1. Dreifing kornastærðar í dufti skal ákvörðuð og tilgreind í samræmi við OECD-aðferð 110.
- Uppgefin stærðarmörk kynnis til beinnar notkunar skulu ákvörðuð og tilgreind í samræmi við CIPAC-aðferð MT 58.3 og fyrir kyrni í vatnsdreifilausn í samræmi við CIPAC-aðferð MT 170.
- 2.8.6.2. Rykmagn í kyrniblöndum skal ákvarðað og tilgreint í samræmi við CIPAC-aðferð MT 171. Ef við á með tilliti til áhættu notanda, skal ákvarða og tilgreina kornastærð ryks í samræmi við OECD-aðferð 110.
- 2.8.6.3. Molnanleika og sliteinkenni kynnis skal ákvarða og tilgreina þegar alþjóðlegar aðferðir hafa verið samþykktar. Ef gögn eru þegar fyrir hendi skal tilgreina þau ásamt aðferðinni sem notuð var.
- 2.8.7. Fleytanleiki, endurfleytanleiki, stöðugleiki fleytunnar

- 2.8.7.1. Fleytanleiki, stöðugleiki og endurfleytanleiki efnablanda sem mynda fleyti skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferðir MT 36 eða MT 37, eftir því sem við á.
- 2.8.7.2. Stöðugleiki þynntrar fleytu og efnablandna sem eru fleytur skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferð MT 20 eða MT 173.
- 2.8.8. Fljótanleiki, hellanleiki (skolanleiki) og rykmyndun
- 2.8.8.1. Fljótanleiki kyrnisblandna skal ákvarðaður og tilgreindur í samræmi við CIPAC-aðferð MT 172.
- 2.8.8.2. Hellanleiki (þ.m.t. efnaleifar) sviflausna (t.d. kyrni í sviflausn, sviflausnarfleyti) skal ákvarðaður og skráður í samræmi við CIPAC-aðferð MT 148.
- 2.8.8.3. Rykmyndun þurrdufts eftir geymsluhröðun samkvæmt lið 2.7.1 skal ákvörðuð og tilgreind í samræmi við CIPAC-aðferð MT 34 eða aðra viðeigandi aðferð.
- 2.9. Eðlis- og efnafræðileg samsvörun við önnur efni, þar með talin plöntuvarnarefni sem leyft verður að nota þau með
- 2.9.1. Eðlisfræðileg samhæfi í geymisblöndum skal skráð samkvæmt prófunaraðferðum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Hagnýtt próf er einnig viðurkenndur möguleiki.
- 2.9.2. Efnafræðilega samhæfi í geymisblöndum skal ákvörðuð og skráð nema rannsókn á einstökum eiginleikum efnablandnanna sýni svo ekki verði um villst að engin hættu sé á efnahvörfum. Í þeim tilvikum nægir að gefa þessar upplýsingar til réttlætningar á því að ákvarða ekki efnafræðilega samhæfi með raunverulegum aðferðum.
- 2.10. Viðloðun og dreifing til fræja
- Ef nota á efnablöndur vegna meðferðar fræja skal rannsaka og skrá bæði dreifingu og viðloðun; hvað dreifingu varðar skal fara eftir CIPAC-aðferð MT 175.
- 2.11. Samantekt og mat á upplýsingum sem veittar eru samkvæmt liðum 2.1 til 2.10

### 3. Gögn um notkun

- 3.1. Fyrirhugað notkunarvið, t.d. akur, varin ræktun, geymsla plöntuafurða, einkagarður

Tilgreina verður gildandi og fyrirhuguð notkunarvið efnablandna sem í eru virk efni með eftirtöldum lýsingum:

Notkunarvið, t.d. landbúnaður, garðrækt, skógrækt og vínrækt,

- varin ræktun,
- útivistarsvæði,
- uppræting illgresis á óræktuðum svæðum,
- einkagarður,
- stofuplöntur,
- geymsla plöntuafurða,
- annað (verður að tilgreina).

- 3.2. Áhrif á skaðlegar lífverur, t.d. snerti-, innöndunar- eða magaeitur, sveppaeitur eða efni sem dregur úr vexti sveppa, o.s.frv., kerfisverkun eða ekki í plöntum

Tilgreina skal áhrif á skaðlegar lífverur:

- verkun við snertingu,
- verkun um maga,
- verkun við innöndun,
- sveppaeiturverkun,
- sveppaheftandi verkun,
- þurrkandi verkun,
- æxlunarheftandi verkun,
- annað (verður að tilgreina).

Tilgreina skal hvort efnið yfirfærir í plöntunum.

- 3.3. Nákvæm lýsing á fyrirhugaðri notkun, t.d. tegundir skaðlegra lífvera sem halda á í skefjum og/eða plöntur eða plöntuafurðir sem á að verja

Veita skal nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaða notkun.

Ef við á skal gera grein fyrir þeim árangri sem næst, þ.e. spírunarhömlun, vaxtartálmun, styttri stilkur og aukin frjósemi.

- 3.4. Tíðni notkunar

Fyrir hvern verkunar- og notkunarmáta skal veita upplýsingar um tíðni notkunar á meðhöndlaða einingu (ha, m<sup>2</sup> m<sup>3</sup>) í g eða kg bæði efnablöndu og virks efnis.

Tíðni notkunar skal að öðru jöfnu gefa upp í g eða kg/ha eða í kg/m<sup>3</sup> og þar sem við á í g eða kg/tonn; fyrir varða ræktun og einkagarð skal gefa upp tíðni notkunar í g eða kg/100 m<sup>2</sup> eða g eða kg/m<sup>3</sup>.

- 3.5. Styrkur virka efnisins í efninu sem notað er (t.d. í þynntum úða, á beitu eða meðhöndluðum fræjum)

Tilgreina skal magn virks efnis, eftir því sem við á, í g/l, g/kg, mg/kg eða í g/tonn.

- 3.6. Notkunaraðferð

Lýsa verður fyrirhugaðri notkunaraðferð í smáatriðum og taka fram tegund búnaðar sem á að nota, ef við á, svo og gerð og magn þynningarefnis sem á að nota á svæðis- eða magneiningu.

- 3.7. Hve oft og hvenær notað og hve lengi vörnin endist

Tilgreina skal hversu oft er leyfilegt að nota efnið og hvenær. Ef við á skal veita upplýsingar um vaxtarstig ræktunar eða plantna sem á að verja og þroskastig skaðlegra lífveranna. Ef unnt er skal tilgreina hversu margir dagar skuli líða á milli meðferða.

Tilgreina skal endingu hvorrar meðferðar og hversu oft er leyfilegt að nota efnið.

- 3.8. Nauðsynleg hlé á notkun eða aðrar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir plöntueitrun í síðari ræktun

Ef við á skal veita upplýsingar um lágmarkstíma sem skal líða frá síðustu notkun að sáningu eða gróðursetningu í síðari ræktun, sem er nauðsynlegt til að forðast plöntueitrun í síðari ræktun og skal það jafnframt skiljast af þeim gögnum sem veittar eru upplýsingar um samkvæmt lið 6.6.



Tilgreina verður, ef slíkt er nauðsynlegt, takmarkanir í vali í síðari ræktun.

### 3.9. Notkunarleiðbeiningar

Notkunarleiðbeiningar varðandi efnablönduna, prentaðar á merkimiða eða fylgiseðla, skulu fylgja með.

### 4. Frekari upplýsingar um plöntuvarnarefnið

#### 4.1. Umbúðir (gerð, efni, stærð o.s.frv.), samrýmanleiki efnablöndunnar og umbúðarefnisins sem lagt er til að nota

4.1.1. Lýsa verður umbúðum nákvæmlega að því er varðar efni, gerð (t.d. lofttæmt, logsoðið o.s.frv.), stærð og rúmtak, stærð ops, gerð lokunarbúnaðar og innsigla. Þær skulu hannaðar í samræmi við skilyrði og leiðbeiningar sem tilgreindar eru í „Viðmiðunarreglum FAO um pökkun varnarefna“.

4.1.2. Ákvarða skal og tilgreina, í samræmi ADR-aðferðir 3552, 3553, 3560, 3554, 3555, 3556, 3558 eða aðrar ADR-aðferðir fyrir meðalstóra búlka og í samræmi við ISO-staðla 8317 ef krafist er barnalæsinga, hvort umbúðir eru hentugar, þ.m.t. lokunarbúnaður, að því er varðar styrkleika, þéttleika og þol við venjulegan flutning og meðhöndlun.

4.1.3. Þol umbúða gagnvart innihaldi skal tilgreint í samræmi við greinargerð GIFAP nr. 17.

#### 4.2. Aðferðir við hreinsun á notuðum búnaði

Hreinsunaraðferðum bæði fyrir notkunarbúnað og hlífðarfatnað skal lýst í smáatriðum. Rannsaka skal nákvæmlega og skrá árangur af hreinsunaraðferðum.

#### 4.3. Tímabil sem aðgangur er bannaður, nauðsynleg hlé á notkun eða aðrar varúðarráðstafanir til að vernda menn og dýr

Upplýsingar sem veittar eru skal mega ráða af og styðja með þeim gögnum sem fylgja með virkum efnum og gögnum sem eru tilgreind í liðum 7 og 8.

4.3.1. Ef við á skal tilgreina hlé fyrir uppskeru, tímabil sem aðgangur er bannaður eða frestunartímabil sem nauðsynleg teljast til að halda í lágmarki efnaleifum í eða á ræktun, plöntum og plöntuafurðum, eða á svæðum sem hafa verið meðhöndluð, með það í huga að vernda menn eða búfénað, t.d.:

- hlé fyrir uppskeru (í dögum) fyrir hverja tegund sem ræktuð er,
- tímabil sem aðgangur er bannaður (í dögum) vegna beitar búfénaðar,
- tímabil sem mönnum er bannaður aðgangur (í klukkustundum eða dögum) að ræktun, byggingum eða svæðum sem hafa verið meðhöndluð,
- frestunartímabil (í dögum) vegna dýrafóðurs,
- biðtími (í dögum) frá notkun að meðhöndlun afurða sem hafa fengið meðferð eða
- biðtími (í dögum) frá síðustu notkun að sáningu eða gróðursetningu fyrir síðari ræktun.

4.3.2. Ef nauðsyn krefur skal veita upplýsingar, í ljósi prófunarniðurstaðna, um plöntuheilbrigði eða þau umhverfisskilyrði sem gilda um notkun eða bann við notkun efnablöndunnar.

#### 4.4. Aðferðir og varúðarráðstafanir sem mælt er með vegna meðhöndlunar, geymslu, flutnings eða eldsvoða

Veita skal upplýsingar um aðferðir og varúðarráðstafanir sem mælt er með vegna meðhöndlunar (nákvæmt) við geymslu, bæði í vöruhúsum og hjá notanda plöntuvarnarefnisins, flutning og eldsvoða. Veita verður upplýsingar um efni sem myndast við bruna ef þær eru fyrir hendi. Tilgreina verður áhættu og aðferðir til að draga úr þeirri hættu sem myndast. Veita verður upplýsingar um aðferðir til að fyrirbyggja eða draga úr myndun úrgangs eða leifa.

Ef við á skal fara fram mat í samræmi við ISO - TR 9122.

Ef við á skal veita upplýsingar um eðli og eiginleika hlífðarfatnaðar og búnaðar sem mælt er með. Þau gögn sem fylgja með skulu nægja til að meta hentugleika og notagildi við raunverulegar aðstæður (t.d. á akri eða í gróðurhúsi).

#### 4.5. Neyðarráðstafanir ef slys verður

Tilgreina skal nákvæmlega til hvaða neyðarráðstafana skuli grípa við flutning, geymslu eða notkun og veita upplýsingar um:

- innilokun efnisins sem helltist niður,
- afmengun svæða, ökutækja og bygginga,
- förgun skemmdra umbúða, sogefnis og annarra efna,
- verndun björgunarliðs og vegfarenda,
- skyndihjálp.

#### 4.6. Aðferðir til að eyða plöntuvarnarefninu og umbúðum þess eða afmenga vegna þess

Þróa verður aðferðir til að eyða og afmenga bæði smáa skammta (fyrir notendur) og stóra (fyrir vöruhús). Aðferðirnar skulu vera í samræmi við á ákvæði á staðnum er lúta að förgun úrgangs og eiturefnaúrgangs. Förgunaraðferðir sem lagðar eru til megi ekki hafa óviðunandi áhrif á umhverfið og skulu vera eins hagkvæmar og ódýrar og unnt er.

##### 4.6.1. Möguleiki á hlutleysingu

Lýsa skal hlutleysingu (t.d. með efnahvörfum við basa til að mynda minna eitraða samsetningu) sem skal nota ef hellist niður af slysi, ef slíkt telst æskilegt. Tilgreina skal og meta, bæði á raunverulegum og fræðilegum grundvelli, þær afurðir sem eru framleiddar eftir hlutleysingu.

##### 4.6.2. Losun undir eftirliti

Í mörgum tilvikum er brennsla undir eftirliti í brennsluofni sem leyfi er fyrir helsta eða eina leiðin til að farga á öruggan hátt virkum efnum og plöntuvarnarefnum sem innihalda þau, menguðum efnum eða menguðum umbúðum.

Ef innihald halógena í virku efnunum í efnablöndunni er meira en 60% skal tilgreina hitaniðurbrot virkra efna við stýrðar aðstæður (þ.m.t. viðeigandi innihald af súrefni og skilgreindan stöðvunartíma) við 800°C og innihald fjölhalógenaða díbensó-p-díoxíða og díbensó-fúrans í hitaniðurbrotsafurðum. Á umsókninni skulu koma fram nákvæmar leiðbeiningar um örugga förgun.

##### 4.6.3. Annað

Lýsa skal nákvæmlega öðrum aðferðum við förgun plöntuvarnarefna, umbúða og mengaðra efna ef mælt er fyrir um þær. Leggja skal fram gögn vegna slíkra aðferða til að staðfesta gagnsemi þeirra og öryggi.

**TILSKIPUN RÁÐSINS 94/43/EB**  
**frá 27. júlí 1994**  
**um samningu VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE**  
**um markaðssetningu plöntuvarnarefna(\*)**

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 18. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er mælt fyrir um samræmdar meginreglur sem miða að því að tryggja, að aðildarríkin beiti kröfum b-, c-, d- og e-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, þegar taka ber ákvörðun um að heimila plöntuvarnarefni, með jafngildum hætti og með hliðsjón af þeim ströngu kröfum um verndun heilsu manna og dýra og umhverfis sem leitast er við að ná fram í þeirri tilskipun.

Því ber nauðsyn til að mæla fyrir um nákvæmar meginreglur um mat á upplýsingum um plöntuvarnarefni sem umsækjendur leggja fram og um ákvörðun um heimild sem er byggð á niðurstöðum matsins.

Mæla ber fyrir um þessar meginreglur fyrir hverja kröfu sem kveðið er á um í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr.

Í fyrstu er æskilegt að mæla eingöngu fyrir um samræmdar meginreglur um kemísk plöntuvarnarefni. Því ber síðar að mæla fyrir um samræmdar meginreglur um efni sem innihalda örverur, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Ákvæði þessarar tilskipunar um verndun vatns eru með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt þeim tilskipunum sem fjalla um verndun vatns, einkum tilskipunum

75/440/EBE <sup>(2)</sup>, 80/68/EBE <sup>(3)</sup> og 80/778/EBE <sup>(4)</sup>.

Nauðsyn ber til að endurskoða fyrrnefndar tilskipanir eins fljótt og við verður komið.

Ákvæði þessarar tilskipunar um verndun vatns eru til bráðabirgða meðan fyrrnefndrar endurskoðunar er beðið.

Nauðsyn ber til að meta áhrif notkunar plöntuvarnarefna á grunnvatn, en með þeim aðferðum sem völ er á er ekki unnt að meta fyrirsjáanlegt magn í grunnvatni nákvæmlega. Því ber nauðsyn til að endurskoða ákvæði b-liðar í lið 2.5.1.2 í C-hluta VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE strax og aðferðir sem eru viðurkenndar á vettvangi bandalagsins gera kleift að meta slíkt magn nákvæmlega.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

VI. viðauki við tilskipun 91/414/EBE er hér með ákveðinn eins og hann er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en einu ári eftir að hún gengur í gildi.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**Th. WAIGEL**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 227, 1. 9. 1994, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/71/EBE (OJ nr. L 221, 31. 8. 1993, bls. 27).

(<sup>2</sup>) Tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar (OJ nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (OJ nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

(<sup>3</sup>) Tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna (OJ nr. L 20, 26. 1. 1980, bls. 43). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (OJ nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

(<sup>4</sup>) Tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns (OJ nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (OJ nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

# VIÐAUKI

## „VI. VIÐAUKI

### SAMRÆMDAR MEGINREGLUR UM MAT Á OG HEIMILD FYRIR PLÖNTUVERNAREFNUM

#### EFNISINNIHALD

- A. INNGANGUR
- B. MAT
  - 1. Almennar meginreglur
  - 2. Sérstakar meginreglur
    - 2.1. Virkni
    - 2.2. Engin óæskileg áhrif á plöntur eða plöntuafurðir
    - 2.3. Áhrif á hryggdýr sem hafa skal stjórn á
    - 2.4. Áhrif á heilsu manna eða dýra
      - 2.4.1. sem rekja má til plöntuvarnarefnisins
      - 2.4.2. sem rekja má til efnaleifa
    - 2.5. Umhverfisáhrif
      - 2.5.1. Afdrif og dreifing í umhverfinu
      - 2.5.2. Áhrif á tegundir sem efninu er ekki ætlað að virka á
    - 2.6. Greiningaraðferðir
    - 2.7. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar
- C. ÁKVÖRÐUINARTAKA
  - 1. Almennar meginreglur
  - 2. Sérstakar meginreglur
    - 2.1. Virkni
    - 2.2. Óæskileg áhrif á plöntur eða plöntuafurðir ekki fyrir hendi
    - 2.3. Áhrif á hryggdýr sem hafa ber stjórn á
    - 2.4. Áhrif á heilsu manna eða dýra
      - 2.4.1. sem rekja má til plöntuvarnarefnisins
      - 2.4.2. sem rekja má til efnaleifa
    - 2.5. Umhverfisáhrif
      - 2.5.1. Afdrif og dreifing í umhverfinu
      - 2.5.2. Áhrif á tegundir sem efninu er ekki ætlað að virka á
    - 2.6. Greiningaraðferðir
    - 2.7. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

## A. INNGANGUR

1. Með meginreglum sem eru mótaðar í þessum viðauka er stefnt að því að tryggja að mat og ákvarðanir að því er varðar heimild fyrir plöntuvarnarefnum, sem eru kemísk efni, leiði til þess að kröfur b-, c-, d- og e-liðar 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar nái fram að ganga í öllum aðildarríkjum með hliðsjón af þeim ströngu kröfum um verndun heilsu manna og dýra og umhverfis sem leitast er við að ná fram í þessari tilskipun.
2. Aðildarríkin skulu, þegar umsóknir eru metnar og heimildir veittar:
  - a) - tryggja að þau gögn sem lögð eru fram séu í samræmi við kröfurnar í III. viðauka, í síðasta lagi við lok matsins vegna ákvörðunartöku, með fyrirvara, þar sem við á, um ákvæði a-liðar 1. mgr., 4. og 6. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar,
  - tryggja að gögnin sem lögð eru fram séu viðunandi með tilliti til umfangs, gæða, samræmis og áreiðanleika og nægi til að hægt sé að leggja viðeigandi mat á gögnin,
  - meta, þar sem við á, rökin sem umsækjandi tiltekur fyrir því að leggja ekki fram ákveðin gögn;
  - b) taka mið af gögnum í II. viðauka um virka efnið í plöntuvarnarefninu sem lögð eru fram með það í huga að virka efninu verði bætt í I. viðauka og niðurstöðum mats á þessum gögnum, með fyrirvara, þar sem við á, um ákvæði b-liðar 1. mgr., 4. og 6. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar;
  - c) taka mið af öðrum tækni- eða vísindalegum upplýsingum sem skipta máli og hægt er að ætlast til að þau ráði yfir um verkun plöntuvarnarefnisins eða hugsanleg skaðleg áhrif þess, efnisþætti eða efnaleifar.
3. Þegar vísað er til gagna í II. viðauka í sérstöku meginreglunum um mat er átt við þau gögn sem um getur í b-lið 2.
4. Þegar framlögð gögn og upplýsingar nægja til að ljúka mati á einum af áformuðum notkunarmátum ber að meta umsóknir og taka ákvörðun um þá notkunarmáta.

Aðildarríkin skulu, að teknu tilliti til framkominna raka og útskýringa sem síðar kunna að koma fram, hafna umsóknum ef gögn eru það ófullkomin að ekki er unnt að ljúka matinu og taka trausta ákvörðun um að minnsta kosti einn áformaðan notkunarþátt.

5. Aðildarríkin skulu vinna með umsækjendum, meðan á mati og ákvörðunartöku stendur, að því að leysa skjótt vafamál varðandi gögnin eða tilgreina í upphafi nauðsynlegrar viðbótarrannsóknir til að fullnægjandi mat á gögnunum geti farið fram eða að breyta áformuðum notkunarskýrðum plöntuvarnarefnisins eða eðli þess eða samsetningu svo tryggt sé að kröfum þessa viðauka eða tilskipunar sé fullnægt í einu og öllu.

Rökstudd ákvörðun aðildarríkjanna skal undir venjulegum kringumstæðum liggja fyrir innan 12 mánaða frá því að fullkomin gögn berast. Gögn eru fullkomin þegar þau fullnægja öllum kröfum í III. viðauka.

6. Úrskurðir lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna meðan mat og ákvörðunartaka fer fram skulu reistir á vísindalegum meginreglum, helst alþjóðlega viðurkenndum meginreglum (t.d. sem Samtök um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðunum (EPPO) viðurkenna) og vera í samræmi við álit sérfræðinga.

**B. MAT****1. Almennar meginreglur**

1. Aðildarríkin skulu, með hliðsjón af nýjustu vísinda- og tæknipækkingu, meta upplýsingarnar sem um getur í 2. lið A-hluta, einkum:
  - a) verkun plöntuvarnarefnisins með tilliti til virkni og plöntueiturhrifa að því er varðar hvern þann notkunarmáta sem sótt er um heimild fyrir; og
  - b) greina aðsteðjandi hættu, leggja mat á hana og dæma um líklega áhættuþætti fyrir menn, dýr og umhverfi.
2. Aðildarríkin skulu tryggja, í samræmi við ákvæði 4. gr. þessarar tilskipunar, þar sem meðal annars er tilgreint að aðildarríkin skuli taka tillit til allra eðlilegra skilyrða sem plöntuvarnarefnið kann að vera notað við og til afleiðinga af notkun þess, að við mat sem fram fer sé tekið tillit til áformaðra notkunarskilyrða í reynd, einkum til notkunartilgangs, skammts, hvernig, hve oft og hvenær notkun á sér stað og eðlis og samsetningar efnablöndunnar. Þá skulu aðildarríkin einnig taka mið af meginreglunni um samþætt eftirlit þegar við verður komið.
3. Við mat á umsóknum sem berast skulu aðildarríkin taka mið af skilyrðum á sviði landbúnaðar og heilbrigði plantna eða umhverfisþáttum (meðal annars loftslagsskilyrðum) á því svæði þar sem nota á efnið.
4. Þegar túlka á niðurstöður mats skulu aðildarríkin taka tillit til hugsanlegra óvissuþátta í upplýsingum sem aflað er um leið og mat stendur yfir til að tryggja að hverfandi líkur séu á að mönnum yfirsjáist skaðleg áhrif eða vanmeti þýðingu þeirra. Rannsaka ber sjálfa ákvörðunartökuna til að unnt sé að koma auga á þætti í henni sem orka tvímælis eða einstök gögn sem óvissa um gæti leitt til rangrar flokkunar áhættuþáttar.

Byggja skal fyrsta mat á bestu fánlegu gögnum eða áætlunum sem endurspeglar raunhæf notkunarskilyrði plöntuvarnarefnisins.

Þá ber að endurtaka matið til að komast að því hvort um marktækan mun geti verið að ræða samanborið við upphaflega matið með tilliti til hugsanlegra óvissuþátta í mikilvægum gögnum og ýmissa notkunarskilyrða sem líkur eru á að upp komi og gefa raunhæfa mynd af verstu hugsanlegu aðstæðum.

5. Kveði sérstakar meginreglur í 2. þætti á um að nota beri reiknilíkon við mat á plöntuvarnarefni skulu líkónin:
  - meta á besta hugsanlega hátt öll ferli sem máli skipta og upp koma, um leið og tekið er tillit til raunhæfra færibreytna og matsatriða,
  - lögð fram til greiningar eins og um getur í lið 1.4 í B-lið,
  - sannprófuð á áreiðanlegan hátt með mælingum sem fara fram við skilyrði sem hafa þýðingu fyrir notkun líkansins,
  - hafa þýðingu miðað við þau skilyrði sem ríkja á því sviði sem nota á efnið á.
6. Ef minnst er á umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefni í sérstökum meginreglum skal einungis taka mið af þeim sem hafa þýðingu miðað við það viðmið sem um ræðir.

## 2. Sérstakar meginreglur

Aðildarríkin skulu beita eftirfarandi meginreglum við mat á gögnum og upplýsingum til stuðnings umsóknum með fyrirvara um almennar meginreglur í 1. þætti.

### 2.1. Virkni

2.1.1. Aðildarríkin skulu, sé með áformaðri notkun stefnt að því að halda lífveru í skefjum eða verjast henni, meta líkur á að lífveran sé skaðleg miðað við ríkjandi skilyrði á sviði landbúnaðar og heilbrigði plantna og umhverfisþætti (meðal annars loftslagsskilyrði) á því svæði þar sem nota á efnið.

2.1.2. Aðildarríkin skulu, sé með áformaðri notkun stefnt að öðrum áhrifum en að halda lífveru í skefjum eða verjast henni, meta hvort verulegur skaði, tjón eða óþægindi geti orðið við ríkjandi skilyrði á sviði landbúnaðar og heilbrigði plantna og umhverfisþætti (meðal annars loftslagsskilyrði) á því svæði þar sem nota á plöntuvarnarefnið ef það er ekki gert.

2.1.3. Aðildarríkin skulu meta upplýsingar um virkni plöntuvarnarefnisins eins og kveðið er á um í III. viðauka með tilliti til hve víðtækra varna eða hve mikilla áhrifa er óskað og með tilliti til tilraunaaðstæðna sem skipta máli, t.d.:

- vals á ræktun eða ræktunarfbrigði,
- landbúnaðar- og umhverfisskilyrða (m.a. loftslagsskilyrða),
- tilvistar og fjölda skaðvaldsins,
- þróunarstigs ræktunar og lífveru,
- magns þess plöntuvarnarefnis sem er notað,
- magns viðbættis hjálparefnis, sé þess krafist á merkimiða,
- hve oft og hvenær efnið er notað,
- gerðar dreifingarbúnaðar.

2.1.4. Aðildarríkin skulu meta verkun plöntuvarnarefnisins við röð skilyrða á sviði landbúnaðar og heilbrigði plantna og umhverfisskilyrði (meðal annars loftslagsskilyrði) sem líkur eru á að fyrirfinnist í reynd á því svæði þar sem nota á plöntuvarnarefnið og einkum:

- i) umfang, stöðugleika og varanleika þeirra áhrifa sem sóst er eftir með tilliti til skammtastærðar samanborið við eitt eða fleiri hentugt viðmiðunarefni og ómeðhöndlaða samanburðarræktun,
- ii) þar sem við á, áhrif á afrakstur eða minnkun rýrnunar í geymslu, í magni og/eða gæðum samanborið við eitt eða fleiri hentugt viðmiðunarefni og ómeðhöndlaða samanburðarræktun.

Sé ekkert hentugt viðmiðunarefni til skulu aðildarríkin meta verkun plöntuvarnarefnisins til að ákvarða hvort um stöðugan og greinanlegan ávinning er að ræða með hliðsjón af skilyrðum á sviði landbúnaðar og heilbrigði plantna og umhverfisskilyrðum (meðal annars loftslagsskilyrðum) á því svæði þar sem nota á plöntuvarnarefnið.

2.1.5. Komi fram kröfur á merkimiða plöntuvarnarefnisins um að nota beri það með öðrum plöntuvarnarefnum og/eða hjálparefnum til tankblöndunar skulu aðildarríkin láta fara fram mat eins og um getur í lið 2.1.1 og lið 2.1.4 á með tilliti til þeirra upplýsinga sem fylgja um tankblöndunina.

Fylgi plöntuvarnarefninu ábendingar um notkun þess með öðrum plöntuvarnarefnum og/ eða hjálparefnum til tankblöndunar skulu aðildarríkin meta kosti blöndunnar og notkunarskilyrði hennar.

## 2.2. Engin óæskileg áhrif á plöntur eða plöntuafurðir

2.2.1. Aðildarríkin skulu meta hve mikil skaðleg áhrif plöntuvarnarefnið hefur á ræktun sem hefur verið meðhöndluð með því í samræmi við áformuð notkunarskilyrði, samanborið, þar sem við á, við eitt eða fleiri hentug viðmiðunarefni, ef þau eru til, og ómeðhöndlaða samanburðarræktun.

a) Við matið ber að taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) upplýsingum um virkni sem kveðið er á um í III. viðauka;
- ii) öðrum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið, t.d. um eðli efnablöndunnar, skammt, notkunaraðferð, hve oft og hvenær það er notað;
- iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um virka efnið eins og kveðið er á um í II. viðauka, t.d. um verkunarmáta, gufuþrýsting, rokgirmi og vatnsleysanleika.

b) Matið tekur til:

- i) eðlis, tíðni, umfangs og varanleika plöntueiturhrifa sem vart verður við og skilyrða á sviði landbúnaðar og heilbrigði plantna og umhverfisskilyrða (meðal annars loftslagsskilyrða) sem hafa áhrif á þau;
- ii) mismunar milli mikilvægustu ræktunaraðferða með tilliti til þess hve næm þau eru fyrir plöntueiturhrifum;
- iii) þess hluta meðhöndlaðrar ræktunar eða plöntuafurða þar sem plöntueiturhrif koma í ljós;
- iv) skaðlegra áhrifa á afrakstur meðhöndlaðrar ræktunar eða plöntuafurða í magni og/ eða gæðum;
- v) skaðlegra áhrifa á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir sem nota á til fjölgunar með tilliti til lífvænleika, spírunarhæfni, rótarmyndunar og staðfestu;
- vi) skaðlegra áhrifa á aðliggjandi ræktun ef um er að ræða rokjörm efni.

2.2.2. Gefi fyrirbyggjandi gögn til kynna að virka efnið eða mikilvæg umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefni viðhaldist í jarðvegi og/ eða í eða á plöntuefnum í teljanlegu magni eftir að plöntuvarnarefnið hefur verið notað við áformuð notkunarskilyrði skulu aðildarríkin meta umfang skaðlegra áhrifa á síðari ræktun. Matið skal fara fram samkvæmt ákvæðum liðar 2.2.1.

2.2.3. Komi kröfur fram á merkimiða plöntuvarnarefnisins um að nota beri það með öðrum plöntuvarnarefnum eða hjálparefnum til tankblöndunar ber að meta upplýsingarnar sem koma fram um tankblöndunina eins og fram kemur í lið 2.2.1.

## 2.3. Áhrif á hryggdýr sem hafa ber stjórn á

Sé markmið með áformaðri notkun plöntuvarnarefnisins að hafa áhrif á hryggdýr ber aðildarríkjunum að meta með hvaða hætti þessum áhrifum er náð og hvaða áhrif efnið hefur á hegðun og heilsu þeirra dýra sem því er beint að; sé áformuðum áhrifum ætlað að drepa dýrið sem efninu er beint að skulu þau mæla hversu langan tíma tekur að drepa dýrið og meta við hvaða skilyrði það drepst.



Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) öllum upplýsingum sem skipta máli samkvæmt ákvæðum II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim, meðal annars eiturefnafræðilegum rannsóknum og efnaskiptarannsóknum;
- ii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, meðal annars eiturefnafræðilegum rannsóknum og upplýsingum um virkni.

#### 2.4. Áhrif á heilsu manna eða dýra

##### 2.4.1. Sem rekja má til plöntuvarnarefnisins

2.4.1.1. Aðildarríkin skulu meta þá áhættu sem notandi getur staðið frammi fyrir af völdum virkra efnisins og/eða eiturefnafræðilegra tengdra sambanda í plöntuvarnarefninu við áformuð notkunarskilyrði (einkum skammtastærð, notkunaraðferð og loftslagsskilyrði) með því að styðjast helst við raunhæfar upplýsingar um áhættu og, ef slíkar upplýsingar liggja ekki á lausu, viðurkennda reikningsaðferð við hæfi.

a) Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) eiturefnafræðilegum rannsóknum og efnaskiptarannsóknum sem kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim, meðal annars viðunandi áhættu fyrir notendur. Viðunandi áhætta fyrir notendur er hámarks magn virks efnis sem heimilt er að notandi verði fyrir án þess að heilsutjón hljóttist af. Þessi mörk eru tilgreind í millígrömmum af efninu fyrir hvert kílógramm líkamsþyngdar notanda. Viðunandi áhætta fyrir notendur miðast við hæstu mörk sem ekki leiða til neinna mælanlegra skaðlegra áhrifa samkvæmt prófunum á næmstu dýrategundum sem máli skipta eða, ef viðeigandi upplýsingar liggja á lausu, á mönnum;
- ii) öðrum upplýsingum sem skipta máli um virku efnin, t.d. eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum;
- iii) eiturefnafræðilegum prófunum sem kveðið er á um í III. viðauka, meðal annars rannsóknum á upptöku gegnum húð, þar sem við á;
- iv) öðrum upplýsingum sem skipta máli og kveðið er á um í III. viðauka. t.d.:
  - samsetningu efnablöndunnar,
  - eðli efnablöndunnar,
  - stærð, lögun og gerð umbúða,
  - notkunarsviði og um hvers kyns ræktun er að ræða eða dýr sem aðgerðir beinast að,
  - notkunaraðferð, t.d. meðhöndlun, áfyllingu og blöndun efnisins,
  - aðferðum sem er mælt með til að draga úr áhættu,
  - hlífðarfatnaði sem er mælt með,
  - hámarksskammti,
  - lágmarksúðamagni sem kemur fram á merkimiða,
  - hve oft og hvenær nota ber efnið,

- b) Meta ber hverja og eina notkunaraðferð og notkunarbúnað sem áformað er að nota fyrir plöntuvarnarefnið og einnig mismunandi stærðir og gerðir íláta sem nota á, um leið og tekið er tillit til blöndunar, áfyllingar, notkunar plöntuvarnarefnisins og þrifa og venjulegs viðhalds notkunarbúnaðar.

2.4.1.2. Aðildarríkin skulu kanna upplýsingar um eðli og einkenni umbúða sem áformað er að nota, með sérstöku tilliti til eftirfarandi atriða:

- gerðar,
- máls og rúmtaks,
- stærðar ops,
- gerðar lokunarúnaðar,
- styrkleika, þéttleika og þols gegn venjulegum flutningi og meðhöndlun,
- þols gagnvart innihaldi og hversu vel umbúðirnar henta fyrir það.

2.4.1.3. Aðildarríkin skulu kanna eðli og einkenni hlífðarfatnaðar eða -búnaðar sem áformað er að nota með sérstöku tilliti til eftirfarandi atriða:

- hversu auðvelt er að útvega hann og hversu vel hann hentar,
- hversu hentugt er að klæðast honum með tilliti til líkamlegs álags og loftslags.

2.4.1.4. Aðildarríkin skulu meta hugsanlega áhættu fyrir annað fólk (áhætta eftir notkun plöntuvarnarefnisins fyrir hlutlaus áhorfendur eða starfsmenn) eða dýr af völdum virka efnisins og/eða eiturefnafræðilegra tengdra sambanda í plöntuvarnarefninu sem geta komið fram við áformuð notkunarskilyrði.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) eiturefnafræðilegum rannsóknum og efnaskiptarannsóknum sem kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim, meðal annars viðunandi áhættu fyrir notendur,
- ii) eiturefnafræðilegum prófunum sem kveðið er á um í III. viðauka, meðal annars rannsóknum á upptöku gegnum húð, þar sem við á,
- iii) öðrum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið og kveðið er á um í III. viðauka. t.d.:
  - tímabil sem aðgangur er bannaður, nauðsynleg hlé á notkun eða aðrar varúðarráðstafanir til að vernda menn og dýr,
  - notkunaraðferð, einkum úðun,
  - hámarksnotkunartíðni,
  - hámarksúðunarrúmmál,
  - samsetning efnablöndunnar,
  - umframefni sem verður eftir á plöntum og plöntuafurðum að meðferð lokinni,
  - önnur starfsemi þar sem starfsmenn komast í snertingu við efnið.

#### 2.4.2. Sem rekja má til efnaleifa

##### 2.4.2.1. Aðildarríkin skulu meta sérstakar eiturefnafræðilegar upplýsingar eins og kveðið er á um í II. viðauka, einkum:

- ákvörðun um viðtekinn dagskammt (ADI),
- greiningu umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna í plöntum eða plöntuafurðum sem hafa hlotið meðferð,
- hegðun leifa virka efnisins og umbrotsefna þess frá notkun fram að uppskeru eða, þegar um notkun er að ræða eftir uppskeru, þangað til plöntuafurðir eru teknar úr geymslu.

##### 2.4.2.2. Aðildarríkin skulu kanna eftirfarandi upplýsingar áður en mat er lagt á magn efnaleifa í tilraununum sem skýrt er frá eða afurðum úr dýrarríkinu:

- gögn um góðar starfsvenjur í landbúnaði sem áformað er að ástunda, t.d. gögn um notkun eins og kveðið er á um í III. viðauka og áformuð hlé á fyrirhugaðri notkun fyrir uppskeru eða tímabil sem notkun liggur niðri eða geymslutímabil ef um notkun eftir uppskeru er að ræða,
- eðli efnablöndunnar,
- greiningaraðferðir og ákvörðun efnaleifa.

##### 2.4.2.3. Aðildarríkin skulu meta magn efnaleifa, sem mælt er í tilraununum sem skýrt er frá, með því að styðjast við hentug tölfræðilíkön. Framkvæma ber mat vegna hvers áformaðs notkunarmáta þar sem tekið er mið af:

- i) áformuðum skilyrðum við notkun plöntuvarnarefnisins;
- ii) sérstökum upplýsingum um efnaleifar í eða á meðhöndluðum plöntum, plöntuafurðum, matvælum og fóðri eins og kveðið er á um í III. viðauka og því hvernig efnaleifar dreifast milli neyslukahæfra of óneysluhæfra hluta;
- iii) sérstökum upplýsingum um efnaleifar í eða á meðhöndluðum plöntum, plöntuafurðum, matvælum og fóðri eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- iv) hvort raunhæft sé að framreikna gögn frá einni ræktun til annarrar.

##### 2.4.2.4. Aðildarríkin skulu meta magn efnaleifa sem mælist í afurðum úr dýrarríkinu um leið og tekið er mið af upplýsingunum sem kveðið er á um í lið 8.4 í A-hluta III. viðauka og efnaleifar sem rekja má til annars konar notkunar.

##### 2.4.2.5. Aðildarríkin skulu áætla efnismagn, sem neytendur kunna að innbyrða gegnum fæðu og, þar sem við á, aðrar leiðir til að komast í snertingu við efnið, með því að beita viðeigandi reiknilíkönunum. Við matið ber, þar sem það á við, að taka mið af annars konar upplýsingum, t.d. annars konar viðurkenndum notkunarmáta, þegar um er að ræða plöntuvarnarefni sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar.

##### 2.4.2.6. Aðildarríkin skulu, þar sem það á við, áætla áhættu fyrir dýr um leið og tekið er mið af magni efnaleifa sem mælist í meðhöndluðum plöntum eða plöntuafurðum sem nota á sem dýrafóður.

#### 2.5. Umhverfisáhrif

##### 2.5.1. Afdrif og dreifing í umhverfinu

Við mat á afdrifum og dreifingu plöntuvarnarefnisins í umhverfinu skulu aðildarríkin taka tillit til allra umhverfisþátta, t.d. jurta- og dýralífs, einkum eftirfarandi:

- 2.5.1.1. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að plöntuvarnarefnið komist við áformuð notkunarskilyrði í jarðveg; ef um slíkt er að ræða skulu þau meta niðurbrotshraða og -leið efnisins í jarðveginum, hreyfingu í jarðveginum og breytingu á heildarstyrk (aðgreinanlegt og óaðgreinanlegt<sup>(\*)</sup>) virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem skipta máli og gera má ráð fyrir í jarðvegi, þar sem áformað er að nota plöntuvarnarefnið, eftir notkun þess við áformuð skilyrði.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) sérstökum upplýsingum um afdrif og hegðun í jarðvegi eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:
- þyngd sameinda,
  - vatnsleysanleika,
  - oktanól/vatnsdeilistuðli,
  - gufuþrýstingi,
  - rokgirnishraða,
  - sundrunarfasta,
  - ljósniðurbrotshraða og hver niðurbrotsefnin eru,
  - vatnsrofshraða með tilliti til pH-gildis og þess hver niðurbrotsefnin eru;
- iii) öllum upplýsingum um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. upplýsingum um skiptingu og dreifingu í jarðvegi;
- iv) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar.

- 2.5.1.2. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að plöntuvarnarefnið komist við áformuð notkunarskilyrði í grunnvatn sem framleiða á drykkjarvatn úr; ef um slíkt er að ræða skulu þau, með því að beita viðeigandi reiknilíkani sem er viðurkennt á vettvangi bandalagsins, meta styrk virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem skipta máli og gera má ráð fyrir í grunnvatni, þar sem áformað er að nota plöntuvarnarefnið, eftir notkun þess við áformuð skilyrði.

Ef viðurkennt reiknilíkan á vettvangi bandalagsins er ekki til skulu aðildarríkin byggja mat sitt á niðurstöðum úr rannsóknum á hreyfanleika og þrávirkni í jarðvegi eins og kveðið er á um í II. og III. viðauka.

Við matið skal einnig taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) sérstökum upplýsingum um afdrif og hegðun í jarðvegi eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;

<sup>(\*)</sup> Skilgreina ber óaðgreinanlegar efnaleifar (stundum nefndar „bundnar“ eða „óaðgreindar“ efnaleifar) í plöntum og jarðvegi sem kemísk efni sem eiga uppruna að rekja til varnarefna sem eru notuð í samræmi við góðar starfsvenjur í landbúnaði og ekki er unnt að aðgreina án þess að beita aðferðum sem breyta kemísku eðli þessara varnarefna verulega. Ekki er lítið svo á að þessar óaðgreinanlegu efnaleifar innihaldi agnir sem verða til við efnaumbrot og leiða til náttúrlegra efna.

ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:

- þyngd sameinda,
- vatnsleysanleika,
- oktanól/vatnsdeilistuðli,
- gufuþrýstingi,
- rokgirnishraða,
- vatnsrofshraða með tilliti til pH-gildis og hver niðurbrotsefnin eru,
- sundrunarfasta;

iii) öllum upplýsingum um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. upplýsingum um skiptingu og dreifingu í jarðvegi og vatni;

iv) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar;

v) þar sem við á, gögnum um dreifingu, t.d. umbreytingu og gleypni á hinu mettaða svæði;

vi) þar sem við á, gögnum um aðferðir við úrnám og meðhöndlun drykkjarvatns á því svæði þar sem notkun er áformuð;

vii) þar sem við á, eftirlitsgögnum um hvort virka efnið finnst í grunnvatni vegna fyrir notkunar plöntuvarnarefna sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar.

2.5.1.3. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að plöntuvarnarefnið komist við áformuð notkunarskilyrði í yfirborðsvatni; ef um slíkt er að ræða skulu þau, með því að beita viðeigandi reiknilíkani sem er viðurkennt á vettvangi bandalagsins, meta styrk virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem unnt er að segja fyrir um til lengri eða skemmri tíma og gera má ráð fyrir í yfirborðsvatni, þar sem áformað er að nota plöntuvarnarefnið, eftir notkun þess við áformuð skilyrði.

Ef ekki er um viðurkennt reiknilíkan á vettvangi bandalagsins að ræða skulu aðildarríkin einkum byggja mat sitt á niðurstöðum rannsókna á hreyfanleika og þrávirkni í jarðvegi og upplýsingum um frástreymi og vindrek eins og kveðið er á um í II. og III. viðauka.

Við matið skal einnig taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

i) sérstökum upplýsingum um afdrif og hegðun í jarðvegi og vatni eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;

ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:

- þyngd sameinda,
- vatnsleysanleika,
- oktanól/vatnsdeilistuðli,
- gufuþrýstingi,
- rokgirnishraða,
- vatnsrofshraða með tilliti til pH-gildis og hver niðurbrotsefnin eru,
- sundrunarfasta;

iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. upplýsingum um skiptingu og dreifingu í jarðvegi og vatni;

iv) eftir hvaða hugsanlegum leiðum er unnt að komast í snertingu við efnið:

- vindreka,
- frástraumum,
- ofúðun,
- útstreymi gegnum frárennsli,
- skolun,
- útfellingu úr andrúmsloftinu;

v) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar;

vi) þar sem við á, gögnum um aðferðir við úrnám og meðhöndlun á því svæði þar sem notkun er áformuð;

2.5.1.4. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að plöntuvarnarefnið dreifist við áformuð notkunarskilyrði í lofti; ef um slíkt er að ræða skulu þau, með því að beita viðeigandi reiknilíkani sem er viðurkennt á vettvangi bandalagsins, meta eins nákvæmlega og unnt er styrk virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna sem gera má ráð fyrir í loftinu, þar sem áformað er að nota plöntuvarnarefnið, eftir notkun þess við áformuð skilyrði.

Við matið skal einnig taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

i) sérstökum upplýsingum um afdrif og hegðun í jarðvegi, vatni og lofti eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;

ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:

- gufuþrýstingi,
- vatnsleysanleika,
- vatnsrofshraða með tilliti til pH-gildis og hver niðurbrotsefnin eru,
- ljósniðurbrotshraða í vatni og lofti og hver niðurbrotsefnin eru,
- oktanól/vatnsdeilistuðli;

iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. upplýsingum um skiptingu og dreifingu í lofti.

2.5.1.5. Aðildarríkin skulu meta aðferðir við eyðingu og afmengun plöntuvarnarefnisins og umbúða þess.

2.5.2. Áhrif á tegundir sem efninu er ekki ætlað aðvirkna á

Aðildarríkin skulu við útreikninga á hlutfalli milli eiturhrifa og áhættu taka mið af eiturhrifum á þá lífveru í prófununum sem við á og er næmst.

2.5.2.1. Aðildarríkin skulu meta hugsanlega áhættu fyrir fugla og önnur landhryggdýra af völdum plöntuvarnarefnisins við áformuð notkunarskilyrði; ef um slíkt er að ræða skulu þau meta væntanlega áhættu fyrir þessar lífverur til lengri og skemmri tíma, t.d. hvað varðar æxlun, eftir notkun efnisins við áformuð skilyrði.

- a) Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:
- i) sérstökum upplýsingum um eitrefnafræðilegar rannsóknir á spendýrum og áhrif á fugla og önnur landhryggdýr sem efninu er ekki ætlað að virka á, t.d. áhrif á æxlun og öðrum upplýsingum sem skipta máli um virka efnið eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
  - ii) öllum upplýsingum um plöntuvarnarefnið sem skipta máli eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. upplýsingum um áhrif á fugla og önnur landhryggdýr sem efninu er ekki ætlað að virka á;
  - iii) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar;
- b) Matið tekur meðal annars til:
- i) afdrifa og dreifingar, t.d. þrávirgni og lífræns styrks, virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- og hvarfaefna, sem skipta máli, á ýmsum stöðum í umhverfinu eftir notkun plöntuvarnarefnisins;
  - ii) áætlaðrar áhættu fyrir þær dýrategundir sem líkur eru á að komist í snertingu við efnið við notkun þess eða á þeim tíma sem efnaleifar eru til staðar um leið og tekið er mið af því eftir hvaða leiðum hætta berst, eins og að innbyrða efnið eins og það er framleitt eða meðhöndlaða fæðu, hryggleysingja eða hryggdýrabráð, snertingu vegna ofúðunar eða við meðhöndlaðar jurtil;
  - iii) útreikninga á hlutfallinu milli bráðra eiturhrifa og skammtíma- og, ef nauðsyn krefur, langtímaáhættu. Hlutfallið milli eiturhrifa og áhættu sem stafar af efninu er skilgreint annars vegar sem hlutatalan  $LD_{50}$ ,  $LC_{50}$  eða NOEC (enginn merkjanlegur styrkur sem veldur áhrifum), þar sem lögum efnisins er byggð á virka efninu og hins vegar sem áætluð áhætta sem er gefin til kynna sem millígrömm/kílógrömm líkamshyngdar.

2.5.2.2. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að lagarlífverur komist í snertingu við plöntuvarnarefnið við áformuð notkunarskilyrði; ef um slíkt er að ræða skulu þau meta hugsanlega áhættu fyrir þessar lífverur til lengri og skemmri tíma eftir notkun efnisins við áformuð skilyrði.

- a) Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:
- i) sérstökum upplýsingum um áhrif á lagarlífverur eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim; ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:
    - vatnsleysanleika,
    - oktanól/vatnsdeilistuðli,
    - gufuþrýstingi,
    - rokgirnishraða,
    - KOC,
    - lífrænu niðurbroti í lagarvistkerfum, einkum fljótvirku lífrænu niðurbroti,
    - ljósniðurbrotshraða og hver niðurbrotsefni eru,
    - vatnsrofshraða með tilliti til pH-gildis og hver niðurbrotsefni eru,

- iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, einkum áhrifum á lagarlífverur;
  - iv) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar;
- b) Matið tekur meðal annars til:
- i) afdrifa og dreifingar leifa virka efnisins og umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna, sem skipta máli, í vatni, seti eða fiski;
  - ii) útreikninga á hlutfallinu milli bráðra eiturrhifa og áhættu fyrir fiska og halaflær. Þetta hlutfall milli eiturrhifa og áhættu er skilgreint annars vegar sem hlutatala bráðs  $LC_{50}$  eða  $EC_{50}$  og hins vegar sem áætlaður styrkur í umhverfinu til skemmri tíma;
  - iii) útreikninga á hlutfalli milli hindrunar á vexti þörunga og áhættu. Þetta hlutfall er skilgreint sem hlutfall milli  $EC_{50}$  og áætlaðs styrks í umhverfinu til lengri tíma;
  - iv) útreikninga á hlutfalli milli eiturrhifa og áhættu fyrir fiska og halaflær til lengri tíma. Hlutfallið milli eiturrhifa og langtímaáhættu er skilgreint sem hlutfall milli NOEC og áætlaðs styrks í umhverfinu til lengri tíma;
  - v) þar sem við á, lífræns styrks í fiski og hugsanlegrar áhættu fyrir lífverur sem éta fisk, meðal annars menn;
  - vi) eigi að setja plöntuvarnarefnið beint út í yfirborðsvatn, áhrifa á breytt gæði yfirborðsvatns, t.d. pH-gildi eða magn uppleysts súrefnis.

2.5.2.3. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að hunangsflugur komist í snertingu við plöntuvarnarefnið við áformuð notkunarskilyrði; ef um slíkt er að ræða skulu þau meta áhættu fyrir þessar lífverur til lengri og skemmri tíma eftir notkun efnisins við áformuð skilyrði.

- a) Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:
- i) sérstökum upplýsingum um eiturrhif á hunangsflugur eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim; ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:
    - vatnsleysanleika,
    - oktanól/vatnsdeillistuðli
    - gufuþrýstingi,
    - ljósniðurbrotshraða og hver niðurbrotsefnin eru,
    - verkunarmáta (t.d. áhrifum sem stýra vexti skordýra);
  - iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. eiturrhifum á hunangsflugur;
  - iv) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar;



b) Matið tekur meðal annars til:

- i) hlutfallsins milli hámarksskammts af virku efni í grömmum á hektara og  $LD_{50}$  sem hver hunangsfluga kemst í snertingu við eða berst í munn hennar, í g af virku efni (hættuhlutfall) og, ef nauðsyn krefur, til þrávirgni efnaleifa á eða, þar sem við á, í meðhöndluðum plöntum;
- ii) þar sem við á, áhrifa á lifru hunangsflugunnar, hegðunar flugunnar, þess hvernig sambúið kemst af og þróast eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði.

2.5.2.4. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að önnur nytjaliðdýr en hunangsflugur komist í snertingu við plöntuvarnarefnið við áformuð notkunarskilyrði; ef um slíkt er að ræða skulu þau meta banvæn og næstum banvæn áhrif á þessar lífverur sem við má búast og minnkandi virkni þeirra eftir notkun efnisins við áformuð skilyrði.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) sérstökum upplýsingum um eiturhrif á hunangsflugur og önnur nytjaliðdýr eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:
  - vatnsleysanleika,
  - oktanól/vatnsdeilistuðli,
  - gufuþrýstingi,
  - ljósníðurbrotshraða og hver niðurbrotsefnin eru,
  - verkunarmáta (t.d. áhrifum sem stýra vexti skordýra);
- iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d.:
  - áhrifum á önnur nytjaliðdýr en hunangsflugur,
  - eiturhrifum á hunangsflugur,
  - fyrirbyggjandi gögnum úr líffræðilegri frumskimun,
  - hámarksskammti,
  - hámarksfjölda skammta og tímaáætlun þar að lútandi.
- iv) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar.

2.5.2.5. Aðildarríkin skulu meta hvort hugsanlegt sé að ánamaðkar og aðrar stærri lífverur sem lifa í jarðvegi og plöntuvarnarefnið er ekki ætlað komist í snertingu við það við áformuð notkunarskilyrði; ef um slíkt er að ræða skulu þau meta væntanlega áhættu til lengri eða skemmri tíma fyrir þessar lífverur eftir notkun efnisins við áformuð skilyrði.

a) Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) sérstökum upplýsingum um eiturhrif virka efnisins á ánamaðka og aðrar stærri lífverur sem lifa í jarðvegi og plöntuvarnarefnið er ekki ætlað eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;

- ii) öðrum upplýsingum um virka efnið sem skipta máli, t.d.:
  - vatnsleysanleika,
  - oktanól/vatnsdeilistuðli,
  - Kd fyrir aðsog,
  - gufuþrýstingi,
  - vatnsrofshraða með tilliti til pH-gildis og hver niðurbrotsefnin eru,
  - ljósníðurbrotshraða og hver niðurbrotsefnin eru,
  - $DT_{50}$  og  $DT_{90}$  fyrir niðurbrot í jarðvegi;
- iii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið, eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. áhrif á ánamaðka og aðrar stærri lífverur sem lifa í jarðvegi og plöntuvarnarefnið er ekki ætlað;
- iv) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar.

b) Matið tekur meðal annars til:

- i) banvænna og næstum banvænna áhrifa;
- ii) áætlaðs styrks í umhverfinu í upphafi og til lengri tíma;
- iii) útreikninga á hlutfalli milli bráðra eiturhrifa og áhættu (skilgreint sem hlutfall  $LC_{50}$  og áætlaðs upphafsstyrks í umhverfinu) og hlutfalls milli langtímaeiturhrifa og áhættu (skilgreint sem hlutfall milli NOEC og áætlaðs styrks í umhverfinu til lengri tíma);
- iv) þar sem við á, lífræns styrks og þrávirkni efnaleifa í ánamöðkum.

2.5.2.6. Aðildarríkin skulu meta áhrif af starfsemi örvera, t.d. áhrif á köfnunar- og kolefnissteingervingu í jarðvegi eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði, ef matið sem fer fram samkvæmt lið 2.5.1.1 í B-hluta útilokar ekki þann möguleika að plöntuvarnarefnið komist í jarðveg við áformuð notkunarskilyrði.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) upplýsingum sem skipta máli um virka efnið, t.d. sérstökum upplýsingum um áhrif á stærri lífverur sem lifa í jarðvegi og plöntuvarnarefnið er ekki ætlað eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- ii) öllum upplýsingum sem skipta máli um plöntuvarnarefnið, eins og kveðið er á um í III. viðauka, t.d. áhrif á stærri lífverur sem lifa í jarðvegi og efnið er ekki ætlað;
- iii) þar sem við á, annarri notkun plöntuvarnarefna sem er heimil á því svæði þar sem notkun er áformuð og sem innihalda sama virka efnið eða skilja eftir sömu efnaleifar;
- iv) öllum fyrirliggjandi gögnum úr líffræðilegri frumskimun.

2.6. Greiningaraðferðir

Aðildarríkin skulu meta áformaðar greiningaraðferðir, vegna eftirlits og aðgæslu eftir skráningu, til að ákvarða:

## 2.6.1. til að greina lögun efnisins

gerð og magn virka efnisins eða efnanna í plöntuvarnarefninu og, þar sem við á, öll óhreinindi og innihaldsefni sem hafa þýðingu í eiturefnafræðilegu tilliti og með tilliti til eiturhrifa á umhverfið og umhverfisins.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) gögnum um greiningaraðferðir eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- ii) gögnum um greiningaraðferðir eins og kveðið er á um í III. viðauka, einkum:
  - sérhæfni og línuleika áformaðra aðferða,
  - þýðingu truflana,
  - samkvæmni áformaðra aðferða (endurtekningarhæfni innan rannsóknarstofu og endurtakanleiki milli rannsóknarstofa);
- iii) greiningar- og ákvörðunarmark áformaðra aðferða fyrir óhreinindi;

## 2.6.2. til að greina efnaleifar

leifar virka efnisins, umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna í kjölfar heimilaðrar notkunar plöntuvarnarefnisins sem hafa þýðingu í eiturefnafræðilegu tilliti og með tilliti til eiturhrifa á umhverfið og umhverfisins.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) gögnum um greiningaraðferðir eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- ii) gögnum um greiningaraðferðir eins og kveðið er á um í III. viðauka, einkum:
  - sérhæfni áformaðra aðferða,
  - nákvæmni áformaðra aðferða (endurtekningarhæfni innan rannsóknarstofu og endurtakanleiki milli rannsóknarstofa),
  - endurheimt samkvæmt áformuðum aðferðum miðað við viðeigandi styrk;
- iii) greiningarmörk áformaðra aðferða;
- iv) ákvörðunarmörk áformaðra aðferða.

## 2.7. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

2.7.1. Aðildarríkin skulu meta raunverulegt innihald virka efnisins í plöntuvarnarefninu og stöðugleika þess við geymslu.

2.7.2. Aðildarríkin skulu meta eðlis- og efnafræðilega eiginleika plöntuvarnarefnisins, einkum:

- ef til er hentug FAO-forskrift, eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem slík forskrift fjallar um,
- ef ekki er til hentug FAO-forskrift, alla eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem skipta máli fyrir lögun efnisins eins og um getur í „Manual on the development and use of FAO specifications for plant protection products“.

Við matið skal taka mið af eftirfarandi upplýsingum:

- i) gögnum um eðlis- og efnafræðilega eiginleika virka efnisins eins og kveðið er á um í II. viðauka og niðurstöðum úr mati á þeim;
- ii) gögnum um eðlis- og efnafræðilega eiginleika plöntuvarnarefnisins eins og kveðið er á um í III. viðauka.

2.7.3. Komi á fyrirhuguðum merkimiða meðal annars fram kröfur eða ráðleggingar um notkun plöntuvarnarefnisins með öðrum plöntuvarnarefnum eða hjálparefnum til tankblöndunar ber að meta eðlis- og efnafræðilegan samrýmanleika efnanna í blöndunni.

## C. ÁKVÖRÐUNARTAKA

### 1. Almennar meginreglur

1. Aðildarríkin skulu, þar sem við á, setja skilyrði eða ákvarða takmarkanir samfara heimildum sem þau veita. Ákvarða ber hvers eðlis og hve strangar þessar ráðstafanir skuli vera á grundvelli og í samræmi við eðli og umfang væntanlegs notagildis og áhættu sem leiða má líkur að.
2. Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, tryggja að við ákvarðanatöku í sambandi við leyfisveitingu sé tekið mið af skilyrðum á sviði landbúnaðar, heilbrigði plantna eða umhverfisskilyrðum (meðal annars loftslagsskilyrðum) á þeim svæðum þar sem notkun efnisins er áformuð. Tillitsemi af þessu tagi kann að leiða til sérstakra skilyrða um og takmarkana á notkun efnisins og, ef nauðsyn krefur, til leyfisveitinga á sumum svæðum innan viðkomandi aðildarríkis en ekki öðrum.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að magn sem heimilt er að nota, þ.e. skammtastærð og hve oft efnið er notað, sé eins lítið og unnt er til að ná tilætluðum árangri jafnvel þó meira magn myndi ekki tefla heilsu manna eða dýra eða umhverfinu í tvísýnu. Gera skal greinarmun á því magni sem heimilt er að nota, allt eftir og í samræmi við skilyrði á sviði heilbrigði plantna og umhverfisskilyrði (meðal annars loftslagsskilyrði) á þeim svæðum þar sem notkun efnisins er áformuð. Skammtastærð og hve oft efnið er notað kann samt sem áður ekki að leiða til óæskilegra áhrifa eins og þolmyndunar.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að ákvarðanir séu í samræmi við meginreglur um samþættar varnir, eigi að nota efnið við skilyrði þar sem gengið er út frá þessum meginreglum.
5. Þar eð byggja ber matið á gögnum um takmarkaðan fjölda dæmigerðra tegunda skulu aðildarríkin tryggja að notkun plöntuvarnarefna hafi ekki afleiðingar til lengri tíma fyrir fjölda og fjölbreytni tegunda sem þeim er ekki ætlað.
6. Áður en heimild er gefin út skulu aðildarríkin tryggja að merkimiði plöntuvarnarefnisins:
  - fullnægi kröfum 16. gr. þessarar tilskipunar,
  - veiti einnig upplýsingar um vörn fyrir notendur sem kveðið er á um í löggjöf bandalagsins um vinnuvernd,
  - tilgreini einkum skilyrði fyrir eða takmarkanir á notkun plöntuvarnarefnisins eins og um getur í 1., 2., 3., 4. og 5. lið.

Í heimildinni skal getið um þau atriði sem eru tilgreind í g- og h-lið 2. mgr. og 3. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 78/631/EBE frá 26. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu varnings sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni (varnarefni)<sup>(1)</sup> og í g- og h-lið 16. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. L 206, 29. 7. 1978, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/32/EBE (Stjóttíð. EB nr. L 154, 5. 6. 1992, bls. 1).

7. Áður en heimild er gefin út skulu aðildarríkin:
- tryggja að fyrirhugaðar umbúðir séu í samræmi við ákvæði tilskipunar 78/631/EBE;
  - tryggja að:
    - aðferðir við förgun plöntuvarnarefnisins,
    - aðferðir við að eyða skaðlegum áhrifum efnisins, sé því dreift af vangá,
    - aðferðir við að afmenga og farga umbúðum, séu í samræmi við viðeigandi reglugerðarákvæði.
8. Ekki skal veita notkunarheimild nema kröfum sem um getur í 2. þætti sé fullnægt að teknu tilliti til eftirfarandi:
- ef ein eða fleiri sérkröfur sem ákvörðunartaka veltur á og um getur lið 2.1, 2.2, 2.3 eða 2.7 er ekki að fullu uppfyllt skal því aðeins veita heimild ef kostir þess að nota plöntuvarnarefnið við áformuð notkunarskilyrði vega þyngra en hugsanleg neikvæð áhrif af notkun þess. Geta ber á merkimiðanum um takmarkanir á notkun efnisins sem rekja má til þess að það uppfyllir ekki sumar af fyrrnefndum kröfum og sú staðreynd að efnið uppfyllir ekki kröfurnar sem um getur í lið 2.7 má ekki koma í veg fyrir rétta notkun efnisins. Kostir þess að nota efnið geta falist í eftirfarandi:
    - kostum og samrýmanleika við samþættar varnir eða lífræna búskaparhætti,
    - hjálflegum áætlunum til að lágmarka hættu á þolmyndun,
    - þörf fyrir meiri fjölbreytni í virkum eignum eða lífefnafræðilegum verkunum, t.d. í tengslum við áætlanir um að forðast hraðað niðurbrot í jarðvegi,
    - minni áhættu fyrir notendur og neytendur,
    - minni mengun umhverfis og minni áhrifum á tegundir sem efninu er ekki ætlað;
  - ef viðmiðum sem um getur í lið 2.6 í C-hluta er ekki fullnægt að fullu þar eð gildandi greiningartækni og -vísindi eru takmörkunum háð skal veita tímabundna heimild, að því gefnu að þær aðferðir sem lagt hefur verið til að nota sýni tilætlaðan árangur. Þegar um slíkt er að ræða ber að veita umsækjanda frest til að þróa og leggja fram greiningaraðferðir sem eru í samræmi við viðmiðin sem um getur hér að framan. Heimildin verður endurskoðuð þegar frestur umsækjanda er útrunninn;
  - ef aðeins hefur verið sýnt fram á endurtakanleika þeirra greiningaraðferða sem um getur í lið 2.6 í C-hluta og lagt hefur verið til að nota í tveimur rannsóknarstofum skal veita heimild í eitt ár til þess að umsækjandi fái tækifæri til að sýna fram á endurtakanleika aðferðanna í samræmi við viðmið sem hafa verið samþykkt.
9. Hafi heimild verið veitt í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í þessum viðauka er aðildarríkjunum heimilt, samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 4. gr., að skilgreina:
- helst í náinni samvinnu við umsækjanda ef við verður komið, ráðstafanir til að bæta verkun plöntuvarnarefnisins; og/eða
  - í náinni samvinnu við umsækjanda ef við verður komið, ráðstafanir til að draga frekar úr hugsanlegri áhættu meðan á notkun plöntuvarnarefnisins stendur og eftir að henni lýkur.

Aðildarríkin skulu tilkynna umsækjendum um allar ráðstafanir sem hafa verið ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum a- eða b-liðar og bjóða umsækjendum að leggja fram nauðsynleg viðbótargögn og -upplýsingar til að sýna fram á verkun eða hugsanlega áhættuþætti við breytt skilyrði.

## 2. Sérstakar meginreglur

Sérstakar meginreglur gilda með fyrirvara um almennar meginreglur sem um getur í 1. þætti.

### 2.1. Virkni

2.1.1. Sé samfara áformaðri notkun mælt með eyðingu lífvera eða vörnum gegn lífverum sem samkvæmt fenginni reynslu eða vísindalegum gögnum við eðlileg skilyrði á sviði heilbrigði plantna og umhverfisskilyrði (meðal annars loftslagsskilyrði) á þeim svæðum þar sem notkun efnisins er áformuð eru ekki taldar skaðlegar, eða séu önnur tilætluð áhrif ekki talin til bóta við þessi skilyrði skal ekki veita heimild til fyrrnefndrar notkunar.

2.1.2. Umfang og samkvæmni eyðingar eða varnaraðgerða eða annarra tilætlaðra verkana og sá tími sem þessar aðgerðir standa yfir skulu vera með svipuðum hætti og við notkun hentugra viðmiðunarefna. Ef engin hentug viðmiðunarefni eru til skal sýna fram á að plöntuvarnarefnið hafi afmarkað notagildi hvað snertir umfang og samkvæmni eyðingar eða varnaraðgerða eða annarra tilætlaðra verkana og þann tíma sem þessar aðgerðir standa yfir við ríkjandi skilyrði á sviði heilbrigði plantna og umhverfisskilyrði (meðal annars loftslagsskilyrði) á þeim svæðum þar sem notkun efnisins er áformuð.

2.1.3. Þar sem við á skal aukinn afrakstur vegna notkunar efnisins og minni rýrnun í geymslu, með tilliti til magns og/eða gæða, vera með líkum hætti og þegar hentug viðmiðunarefni eru notuð. Ef engin hentug viðmiðunarefni eru til skal sýna fram á að plöntuvarnarefnið hafi stöðugt og afmarkað notagildi með tilliti til magns og/eða gæða, hvað snertir aukinn afrakstur og minni rýrnun í geymslu við ríkjandi skilyrði á sviði heilbrigði plantna og umhverfisskilyrði (meðal annars loftslagsskilyrði) á þeim svæðum þar sem notkun efnisins er áformuð.

2.1.4. Niðurstöður varðandi verkun efnablöndunnar skulu gilda fyrir öll svæði í aðildarríkinu þar sem til stendur að heimila hana og öll áformuð notkunarskilyrði nema tekið sé fram á fyrirhuguðum merkimiða að nota eigi efnablönduna við sérstök tiltekin skilyrði (t.d. væga ásókn skaðvalda, sérstaka jarðvegsgerð eða sérstök vaxtarskilyrði).

2.1.5. Komi á fyrirhuguðum merkimiða fram kröfur um notkun efnablöndunnar með öðrum tilgreindum plöntuvarnarefnum eða hjálparefnum til tankblöndunar skal blandan duga til að ná tilætluðum áhrifum og vera í samræmi við meginreglurnar sem um getur í lið 2.1.1 og 2.1.4.

Sé á fyrirhuguðum merkimiða mælt með notkun efnablöndunnar með öðrum tilgreindum plöntuvarnarefnum eða hjálparefnum til tankblöndunar skulu aðildarríkin því aðeins taka þessar ábendingar gildar að þær séu rökstuddar.

### 2.2. Engin óæskileg áhrif á plöntur eða plöntuafurðir

2.2.1. Plöntur eða plöntuafurðir sem hlotið hafa meðhöndlun skulu vera laus við plöntueiturhrif sem skipta máli, nema á fyrirhuguðum merkimiða komi fram ábendingar um viðeigandi takmarkaða notkun.

2.2.2. Plöntueiturhrif mega ekki verða til þess að afrakstur uppskeru verði minni en ef plöntuvarnarefnið væri ekki notað, nema bætt sé fyrir það með öðrum ávinningi, t.d. auknum gæðum meðhöndlaðra plantna eða plöntuafurða.

2.2.3. Ekki skal vera um nein óviðunandi skaðleg áhrif á gæði meðhöndlaðra plantna eða plöntuafurða að ræða, nema um skaðleg áhrif við vinnslu sé að ræða og á fyrirhuguðum merkimiða komi fram ábendingar um að ekki skuli nota efnablönduna á ræktun sem nota á til vinnslu.

- 2.2.4. Ekki skal vera um nein óviðunandi skaðleg áhrif á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir að ræða sem nota á til fjölgunar eða tímgunar, t.d. áhrif með tilliti til lífvænleika, spírunarhæfni, rótarmyndunar og staðfestu, nema á fyrirhuguðum merkimiða komi fram ábendingar um að ekki skuli nota efnablönduna á ræktun sem nota á til fjölgunar eða tímgunar.
- 2.2.5. Ekki skal vera um nein óviðunandi áhrif á síðari ræktun að ræða, nema á fyrirhuguðum merkimiða komi fram ábendingar um að tiltekin ræktun, sem yrði fyrir áhrifum, skuli ekki fara fram eftir ræktun sem hefur hlotið meðhöndlun.
- 2.2.6. Ekki skal vera um nein óviðunandi áhrif á aðliggjandi ræktun að ræða, nema á fyrirhuguðum merkimiða komi fram ábendingar um að ekki megi nota efnablönduna þegar sérlega viðkvæm aðliggjandi ræktun fer fram samtímis.
- 2.2.7. Ef á fyrirhuguðum merkimiða koma fram kröfur um að nota beri efnablönduna með öðrum plöntuvarnarefnum eða hjálparefnum til tankblöndunar skal blandan vera í samræmi við meginregluna sem um getur í liðum 2.2.1 til 2.2.6.
- 2.2.8. Fyrirhugaðar leiðbeiningar um hvernig hreinsa skal notkunarbúnað skulu í senn vera raunhæfar og gagnlegar til að unnt sé að beita þeim auðveldlega í þeim tilgangi að tryggja að unnt sé að fjarlægja leifar plöntuvarnarefnisins sem síðar kynnu að verða skaðlegar.

### 2.3. Áhrif á hryggdýr sem hafa ber stjórn á

Aðeins skal heimila plöntuvarnarefni sem ætlað er til að útrýma hryggdýrum þegar:

- dýrið drepst um leið og það missir meðvitund, eða
- dýrið drepst án tafar, eða
- líkamstarfsemi fjarar út smá saman án augljóslegra merkja um þjáningu.

Þegar um er að ræða fælingarefni ber að ná tilsettum áhrifum án ónaúðsynlegra þjáninga og sársauka fyrir dýrin sem efnið beinist gegn.

### 2.4. Áhrif á heilsu manna eða dýra

#### 2.4.1. Sem rekja má til plöntuvarnarefnisins

- 2.4.1.1. Ekki skal veita heimild fyrir plöntuvarnarefni ef áhætta fyrir notendur við meðhöndlun og notkun þess við áformuð notkunarskilyrði, t.d. skammtastærð og notkunaraðferð, fer fram yfir viðunandi áhættu fyrir notendur.

Ennfremur skulu skilyrði fyrir heimildinni vera í samræmi við markgildið sem ákveðið hefur verið fyrir virka efnið og/eða sambönd af efninu sem skipta máli í eiturefnafræðilegu tilliti í samræmi við tilskipun ráðsins 80/1107/EBE frá 27. nóvember 1980 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efna-, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum<sup>(1)</sup> og tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað<sup>(2)</sup>.

- 2.4.1.2. Beri nauðsyn til að nota hlífðarfatnað og -búnað við fyrirhuguð notkunarskilyrði skal ekki veita heimild nema fyrrnefndur fatnaður og búnaður sé haldgóður, í samræmi við viðeigandi ákvæði bandalagsins og tiltækur notanda og unnt sé að grípa til hans við þær aðstæður sem plöntuvarnarefnið er notað við, einkum með tilliti til loftslagsskilyrða.

- 2.4.1.3. Sérstakar takmarkanir skulu gilda um plöntuvarnarefni sem gætu, vegna séreiginleika eða misnotkunar, leitt til mikillar áhættu, t.d. takmarkanir á stærð umbúða, gerð lögunar, dreifingu, notkun eða notkunarmáta. Ennfremur er óheimilt að veita heimild fyrir plöntuvarnarefnum, sem eru flokkuð sem mjög eitruð, nema þau séu notuð af fagmönnum.

(1) Stjttíð. EB nr. L 327, 3. 12. 1980, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 88/642/EBE (Stjttíð. EB nr. L 356, 24. 12. 1988, bls. 74).

(2) Stjttíð. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

- 2.4.1.4. Hlé á notkun og tímabil sem aðgangur er bannaður af öryggisástæðum eða aðrar varúðarráðstafanir skulu vera með þeim hætti að áhætta fyrir hlutlaus áhorfendur eða starfsmenn sem komast í snertingu við plöntuvarnarefnið eftir notkun þess fari hvorki fram yfir viðunandi áhættu fyrir notendur sem ákvörðuð hefur verið fyrir virka efnið eða samband eða sambönd í plöntuvarnarefninu sem skipta máli í eiturefnafræðilegu tilliti né yfir markgildi sem ákvörðuð hafa verið fyrir þessi sambönd í samræmi við ákvæði bandalagsins sem um getur í lið 2.4.1.1.
- 2.4.1.5. Ákvarða ber hlé á notkun og tímabil sem aðgangur er bannaður af öryggisástæðum eða aðrar varúðarráðstafanir þannig að dýr verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum.
- 2.4.1.6. Hlé á notkun og tímabil sem aðgangur er bannaður af öryggisástæðum eða aðrar varúðarráðstafanir til að tryggja að viðunandi áhætta fyrir notendur og markgildi séu virt skulu vera raunhæf; ef nauðsyn krefur skal mæla fyrir um sérstakar varúðarráðstafanir.
- 2.4.2. Sem rekja má til efnaleifa
- 2.4.2.1. Í heimildum skal tryggja að efnaleifar sem koma fram séu leifar af því lágmarksmagni plöntuvarnarefnisins sem þarf til hæfilegrar meðhöndlunar samkvæmt góðum starfsvenjum í landbúnaði og því sé beitt á þann hátt (t.d. meðferðarhlé fyrir uppskeru eða tímabil sem notkun liggur niðri eða geymslutími) að efnaleifum við uppskeru, slátrun eða eftir geymslu, eftir því sem við á, sé haldið í lágmarki.
- 2.4.2.2. Ef hámarksmagn efnaleifa (MRL)(\*) eða bráðabirgðahámarksmagn (innlent eða á vettvangi bandalagsins) hefur ekki verið ákveðið skulu aðildarríkin ákvarða bráðabirgðahámarksmagn efnaleifa í samræmi við 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar; niðurstöður varðandi það magn sem ákvarðað er skulu gilda um allar aðstæður sem gætu haft áhrif á magn efnaleifa í ræktuninni, t.d. tímasetningu notkunar, skammtastærð og tíðni eða hvernig efnið er notað.
- 2.4.2.3. Ef hinar nýju aðstæður sem nota á plöntuvarnarefnið við eru ekki í samræmi við þær aðstæður sem bráðabirgðahámarksmagn efnaleifa (innlent eða á vettvangi bandalagsins) var áður ákvarðað við skulu aðildarríkin ekki veita heimild fyrir plöntuvarnarefninu nema umsækjandinn geti fært sönnur á að notkun efnisins sem mælt er með muni ekki fara fram yfir sama hámarksmagn efnaleifa eða nema viðkomandi aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafi ákvarðað nýtt bráðabirgðahámarksmagn efnaleifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar.
- 2.4.2.4. Ef hámarksmagn efnaleifa hefur verið ákveðið á vettvangi bandalagsins skulu aðildarríkin ekki veita heimild fyrir plöntuvarnarefninu nema umsækjandinn geti fært sönnur á að notkun efnisins sem mælt er með muni ekki fara fram yfir sama hámarksmagn efnaleifa eða nema nýtt bráðabirgðahámarksmagn efnaleifa hafi verið ákvarðað í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins.
- 2.4.2.5. Í þeim tilvikum sem um getur í liðum 2.4.2.2 og 2.4.2.3 skal áhættumat fylgja hverri umsókn um heimild þar sem tekið er tillit til versta hugsanlega tilviks áhættu fyrir neytendur í viðkomandi aðildarríki á grundvelli góðra starfsvenja í landbúnaði.

Með tilliti til þeirra notkunarmáta sem eru skráðir er ekki unnt að heimila áformaða notkun ef öruggasta mat á áhættu fyrir neytendur sem kostur er á sýnir niðurstöðu yfir viðteknum dagskammti.

(\*) Hámarksmagn efnaleifa á vettvangi bandalagsins merkir hámarksmagn efnaleifa ákvarðað samkvæmt tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum(1), tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum(2), tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu(3), reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(4), tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum(5) eða tilskipun ráðsins 91/132/EBE frá 4. mars 1991 um breytingu á tilskipun 74/63/EBE um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu(6).



2.4.2.6. Nauðsynlegt kann að reynast að láta fara fram sérstakt áhættumat samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lið 2.4.2.5 ef vinnsla efnaleifa hefur áhrif á eiginleika þeirra.

2.4.2.7. Ef nota á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir sem dýrafóður mega efnaleifar sem verða til í þeim ekki hafa skaðleg áhrif á heilsu dýra.

2.5. Umhverfisáhrif

2.5.1. Afdrif og dreifing í umhverfinu

2.5.1.1. Ekki skal veita heimild fyrir plöntuvarnarefninu ef virka efnið og umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefnin, hafi þau þýðingu í eiturefnafræðilegu tilliti og með tilliti til eiturhrifa á umhverfið og umhverfisins, eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð notkunarskilyrði:

- haldast, þegar prófanir á vettvangi fara fram, í jarðvegi lengur en eitt ár (þ.e.  $DT_{90} > 1$  ár og  $DT_{50} > 3$  mánuðir), eða
- mynda, þegar prófanir í rannsóknarstofu fara fram, óaðgreinanlegar efnaleifar í magni sem er yfir 70% af upphaflegum

skammti eftir 100 daga með minna en 5% steingervingarhraða á 100 dögum, nema sýnt sé fram á með vísindalegum rökum að við aðstæður á vettvangi sé ekki um uppsöfnun í jarðvegi að ræða í slíku magni að óviðunandi efnaleifar komi fram í síðari ræktun og/eða um óviðunandi plöntueiturhrif sé að ræða á umhverfið í samræmi við viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í liðum 2.5.1.2, 2.5.1.3, 2.5.1.4 og 2.5.2.

2.5.1.2. a) Aðeins skal veita heimild í eftirfarandi tilvikum:

1) þegar fullnægjandi eftirlitsgögn um áformuð notkunarskilyrði plöntuvarnarefnisins liggja ekki fyrir og svo virðist, eftir matinu að dæma, að eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð notkunarskilyrði sé fyrirsjáanlegur styrkur virka efnisins eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna sem skipta máli í grunnvatni sem ætlað er til framleiðslu drykkjarvatns ekki yfir lægri styrki af eftirfarandi:

- i) leyfilegum hámarksstyrki sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns<sup>(1)</sup>;

eða

- ii) hámarksstyrki sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um þegar virka efnið var tekið upp í I. viðauka á grundvelli viðeigandi gagna, einkum eiturefnafræðilegra gagna, eða, hafi styrkurinn ekki verið ákvarðaður, styrki sem svarar til tíunda hluta af viðteknum dagskammti (ADI) sem mælt var fyrir um þegar virka efnið var tekið upp í I. viðauka;

2) þegar fullnægjandi eftirlitsgögn um áformuð notkunarskilyrði plöntuvarnarefnisins liggja fyrir og styðja þá niðurstöðu að í reynd, eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði, hafi styrkur virka efnisins eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna sem skipta máli í grunnvatni sem ætlað er til framleiðslu drykkjarvatns ekki farið yfir eða fari ekki lengur yfir og ekki er hætt á að hann fari yfir viðeigandi hámarksstyrk eins og um getur í 1. lið hér að framan.

b) Án tillits til ákvæða a-liðar hér að framan og ef styrkurinn sem um getur í ii-lið 1. liðar a-liðar er meiri en styrkurinn sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar er aðeins heimilt að veita skilyrta heimild, sem er ekki heimild í skilningi 1. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar og gildir í takmarkaðan tíma eða ekki lengur en fimm ár, í þeim tilvikum þar sem skilyrðunum sem um getur í 1. og 2. lið hér að aftan er fullnægt:

<sup>(1)</sup> Stjótf. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjótf. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

- 1) ef fullnægjandi eftirlitsgögn um áformuð notkunarskilyrði plöntuvarnarefnisins liggja ekki fyrir gilda eftirfarandi kröfur um allar útgefnar skilyrtar heimildir:
  - i) matið skal leiða í ljós að fyrirsjáanlegur styrkur virka efnisins í umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefnum sem skipta máli í grunnvatni sem ætlað er til framleiðslu drykkjarvatns eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð notkunarskilyrði fer ekki yfir þann hámarksstyrk sem um getur í ii-lið 1. liðar a-liðar hér að framan; og
  - ii) tryggja skal að fullnægjandi eftirlitsáætlun fyrir svæði sem hætt er við að mengist sé samþykkt eða fram haldið í aðildarríkinu, þar sem viðeigandi sýnatöku- og greiningaraðferðum er beitt til að unnt sé að meta hvort farið sé yfir hámarksstyrk sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar hér að framan; viðkomandi aðildarríki ber að ákveða hver beri kostnað af þessari eftirlitsáætlun;
  - iii) þar sem við á skal heimild háð skilyrðum eða takmörkunum fyrir notkun viðkomandi efnis, sem birta skal á merkimiða, þar sem tekið er tillit til skilyrða á sviði landbúnaðar, heilbrigði plantna og umhverfisskilyrða (t.d. loftslagsskilyrða) á áformuðu notkunarsvæði;
  - iv) ef nauðsyn krefur skal breyta eða afturkalla skilyrtar heimildir, í samræmi við 5. og 6. mgr. 4. gr., sýni niðurstöður eftirlits að styrkur virka efnisins eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna, sem skipta máli í grunnvatni sem ætlað er til framleiðslu drykkjarvatns, fari eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði fram yfir þann styrk sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar hér að framan, þrátt fyrir að sett séu skilyrði eða takmarkanir sem um getur í iii-lið hér að framan;
- 2) liggi fullnægjandi og viðeigandi eftirlitsgögn fyrir um notkunarskilyrði plöntuvarnarefnisins sem styðja þá niðurstöðu að í reynd, eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði, sé engin hætt á að styrkur virka efnisins eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna, sem skipta máli í grunnvatni sem ætlað er til framleiðslu drykkjarvatns, fari fram yfir þann hámarksstyrk sem um getur í ii-lið 1. liðar a-liðar hér að framan skulu eftirfarandi kröfur gilda um allar útgefnar skilyrtar heimildir:
  - i) fram skal fara undanfarandi rannsókn á því hve mikil hætt er á að farið sé fram yfir þann hámarksstyrk sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar hér að framan og á þeim þáttum sem því valda;
  - ii) tryggja skal að fullnægjandi áætlun, sem felur í sér ráðstafanir sem um getur í ii-, iii- og iv-lið 1. liðar b-liðar hér að framan, sé samþykkt eða fram haldið í aðildarríkinu til þess að öruggt sé að styrkurinn fari ekki í reynd yfir leyfilegan hámarksstyrk sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar hér að framan.
  - c) Sýni niðurstöður eftirlits, þegar skilyrtar heimildir eru útrunnar, að styrkur virka efnisins eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna, sem skipta máli í grunnvatni sem ætlað er til framleiðslu drykkjarvatns og stafar af notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði, hafi verið minnkaður í reynd að marki sem nálgast leyfilegan hámarksstyrk sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar hér að framan og ef vænta má að aðrar breytingar á fyrirhuguðum notkunarskilyrðum tryggi að fyrirsjáanlegur styrkur verði minnkaður niður fyrir hámarksstyrkinn er heimilt að gefa út frekari skilyrta heimild með nýju breytingunum sem gildir lengst í eitt fimm ára tímabil.
  - d) Aðildarríki er hvenær sem er heimilt að samþykkja viðeigandi skilyrði fyrir eða takmarkanir á notkun efnisins, þar sem tekið er tillit til staðbundinna skilyrða á sviði landbúnaðar, heilbrigði plantna og umhverfisskilyrða (t.d. loftslagsskilyrða), til að unnt sé að uppfylla skilyrði um styrk í neysluvatni, sem um getur í i-lið 1. liðar a-liðar hér að framan, í samræmi við ákvæði tilskipunar 80/778/EBE.

2.5.1.3. Ekki skal veita heimild fyrir plöntuvarnarefninu ef styrkur virka efnisins eða umbrots-, niðurbrots- eða hvarfaefna sem skipta máli og vænta má í yfirborðsvatni eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð notkunarskilyrði:

- fer, ef nota á yfirborðsvatn á eða frá því svæði þar sem notkun er áætluð til drykkjarvatnsframleiðslu, yfir gildin sem ákvörðuð eru með tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar<sup>(1)</sup>, eða
- hefur áhrif, sem talin eru óæskileg, á tegundir sem efninu er ekki ætlað að virka á, þar með talin dýr, í samræmi við viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í lið 2.5.2.

Fyrirhugaðar leiðbeiningar um notkun plöntuvarnarefnisins, t.d. aðferðir við að hreinsa notkunarbúnað, skulu við það miðaðar að hætta á mengun yfirborðsvatns af slysi sé í lágmarki.

2.5.1.4. Ekki skal veita heimild fyrir plöntuvarnarefninu ef styrkur virka efnisins sem berst í lofti við áformuð notkunarskilyrði er slíkur að annaðhvort sé farið yfir viðunandi áhættu eða markgildi fyrir notendur, hlutlaus áhorfendur eða starfsmenn eins og um getur í lið 2.4.1 í C-hluta.

2.5.2. Áhrif á tegundir sem efninu er ekki ætlað að virka á

2.5.2.1. Sé hætta á að fuglar og önnur landhryggdýr sem plöntuvarnarefninu er ekki ætlað að virka á komist í snertingu við það skal ekki veita heimild, ef:

- hlutfallið milli bráðra eiturrhifa og skammtímaáhættu fyrir fugla og önnur landhryggdýr sem plöntuvarnarefninu er ekki ætlað að virka á er undir 10 miðað við LD<sub>50</sub> eða ef hlutfallið milli eiturrhifa og langtímaáhættu er undir 5, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ekki um nein óæskileg áhrif að ræða eftir notkun plöntuvarnarefnisins miðað við áformuð notkunarskilyrði,
- lífrænn styrkur (BCF, með tilliti til fituvefs) er yfir 1, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ekki um nein óæskileg áhrif að ræða - bein eða óbein - eftir notkun plöntuvarnarefnisins miðað við áformuð notkunarskilyrði.

2.5.2.2. Sé hætta á að lagarlífverur komist í snertingu við plöntuvarnarefnið skal ekki veita heimild, ef:

- hlutfallið milli eiturrhifa og áhættu fyrir fisk og halaflær er undir 100 fyrir bráða áhættu og undir 10 fyrir langtímaáhættu, eða
- hlutfallið milli hindrunar á vexti þörungna og áhættu er undir 10, eða
- lífrænn hámarksstyrkur (BCF) er yfir 1 000 fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virk efni sem brotna auðveldlega niður eða yfir 100 fyrir þau sem ekki brotna auðveldlega niður, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ekki um nein óæskileg áhrif að ræða - bein eða óbein - eftir notkun plöntuvarnarefnisins miðað við áformuð notkunarskilyrði.

2.5.2.3. Sé hætta á að hunangsflugur komist í snertingu við plöntuvarnarefnið skal ekki veita heimild fyrir efninu ef hlutfallstalan fyrir hættunni á að hunangsflugur komist í snertingu við efnið eða það berist í munn þeirra er yfir 50, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ekki um nein óæskileg áhrif að ræða á lírfur hunangsflugna, hegðun flugunnar, það hvernig sambúið kemst af og þróast eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð notkunarskilyrði.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

- 2.5.2.4. Sé hættu á að önnur nytjaliðdýr en hunangsflugur komist í snertingu við plöntuvarnarefnið skal ekki veita heimild fyrir efninu ef yfir 30% af tilraunarfiverum verða fyrir áhrifum í banvænum eða næstum banvænum prófunum á tilraunastofu þar sem áætlaður hámarksskammtur er notaður, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ekki um nein óæskileg áhrif að ræða á þessar lífverur eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði. Renna skal stofum undir fullyrðingar um sértækni og tillögur um notkun, þegar um samþættar varnaraðgerðir er að ræða, með viðeigandi gögnum.
- 2.5.2.5. Sé hættu á að ánamaðkar komist í snertingu við plöntuvarnarefnið skal ekki veita heimild fyrir efninu ef hlutfallið milli bráðra eiturhrifa og áhættu fyrir ánamaðka er undir 10 eða hlutfallið milli langtímaeiturhrifa og áhættu er undir 5, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ánamaðkastofnum ekki hættu búin eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði.
- 2.5.2.6. Sé hættu á að jarðvegsörverur sem efninu er ekki ætlað að virka á komist í snertingu við plöntuvarnarefnið skal ekki veita heimild fyrir efninu ef köfnunar- og kolefnissteingerving í rannsóknarstofutilraunum verður fyrir meir en 25% áhrifum að 100 dögum liðnum, nema örugglega sé staðfest með viðeigandi áhættumati að við raunverulegar aðstæður sé ekki um nein óæskileg áhrif að ræða á virkni örvera eftir notkun plöntuvarnarefnisins við áformuð skilyrði, með tilliti til hæfni örvera til þess að fjölga sér.
- 2.6. Greiningaraðferðir  
Fyrirhugaðar aðferðir skulu vera í samræmi við nýjustu tæknipækkingu. Fullnægja ber eftirfarandi viðmiðum til að unnt sé að viðurkenna fyrirhugaðar greiningaraðferðir vegna eftirlits og aðgæslu eftir skráningu:
- 2.6.1. til að greina lögun efnisins með aðferðinni skal vera unnt að ákvarða og bera kennsl á virka efnið eða efnin og, þar sem við á, öll óhreinindi og innihaldsefni sem hafa þýðingu í eiturefnafræðilegu tilliti og með tilliti til eiturhrifa á umhverfið og umhverfisins;
- 2.6.2. vegna greiningar á efnaleifum
- i) með aðferðinni skal vera unnt að ákvarða og staðfesta tilvist efnaleifa sem hafa þýðingu í eiturefnafræðilegu tilliti og með tilliti til eiturhrifa á umhverfið og umhverfisins;
  - ii) hlutfall meðalendurheimtar skal vera milli 70% og 110%, þar sem hlutfallslegt staðalfrávik er <- 20%;
  - iii) endurtekningaráhæfni skal vera undir eftirfarandi gildum fyrir efnaleifar í matvælum:

Magn efnaleifa mg/kg	Mismunur mg/kg	Mismunur í %
0,01	0,005	50
0,1	0,025	25
1	0,125	12,5
>1		12,5

Miðlæg gildi eru ákvörðuð með innreikningi úr lógaritmagrafi (log-log graph);

iv) endurtakanleiki skal vera undir eftirfarandi gildum fyrir efnaleifar í matvælum:

Magn efnaleifa mg/kg	Mismunur mg/kg	Mismunur í %
0,01	0,01	100
0,1	0,05	150
1	0,25	125
>1		125

Miðlæg gildi eru ákvörðuð með innreikningi úr lógaritmagrafi (log-log graph);

v) Þegar um er að ræða efnaleifagreiningu í meðhöndluðum plöntum, plöntuafurðum, matvælum, fóðri eða afurðum úr dýraríkinu, nema þar sem hámarks magn efnaleifa eða áætlað hámarks magn efnaleifa er við ákvörðunarmörk, skal næmi þeirra aðferða sem lagt hefur verið til að nota fullnægja eftirfarandi viðmiðum:

Tengsl ákvörðunarmarka og hámarks magns efnaleifa sem tillögur liggja fyrir um til bráðabirgða eða á vettvangi bandalagsins:

Hámarks magn efnaleifa (mg/kg)	Ákvörðunarmörk (mg/kg)
>0,5	0,1
0,5-0,05	0,1-0,02
<0,05	MRL X 0,5

2.7. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

2.7.1. Ef viðeigandi forskrift frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna er til ber að uppfylla ákvæði þeirrar forskriftar.

2.7.2. Ef engin viðeigandi forskrift frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna er til skulu eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar fullnægja eftirfarandi kröfum:

a) Efnafræðilegir eiginleikar:

Mismunur milli uppgöfins og raunverulegs innihalds virka efnisins í plöntuvarnarefnum skal allan geymsluþolstíma þess ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

Uppgefið magn í g/kg eða g/l við 20	Frávik
allt að 25	± 15% einsleit lögum ± 25% lögum sem er ekki einsleit
meir en 25, allt að 100	± 10%
meir en 100, allt að 250	± 6%
meir en 250, allt að 500	± 5%
meir en 500 +- 25 g/kg eða	± 25 g/l

b) Eðlisfræðilegir eiginleikar:

Plöntuvarnarefnið skal fullnægja þeim eðlisfræðilegu viðmiðum (t.d. um geymslustöðugleika) sem tilgreind eru fyrir viðkomandi lögun efnisins í „Manual on the development and use of FAO specifications for plant protection products“.

- 2.7.3. Ef á fyrirhuguðum merkimiða koma fram kröfur um að nota beri efnablönduna með öðrum plöntuvarnarefnum eða hjálparefnum til tankblöndunar og/eða á fyrirhuguðum merkimiða koma fram ábendingar um samrýmanleika efnablöndunnar við önnur plöntuvarnarefni til tankblöndunar skulu þau efni eða hjálparefni vera samrýmanleg í tankblöndunni í eðlis- og efnafræðilegu tilliti.“

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**  
**nr. 10/95**  
**frá 27. janúar 1995**  
**um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)**  
**við EES-samninginn**

95/EES/7/10

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun ráðsins 94/373/EB frá 27. júní 1994 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til aðila frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við e-lið 3. liðar (ákvörðun ráðsins 94/142/EB) í XVII. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„f) **394D 0373:** Ákvörðun ráðsins 94/373/EB frá 27. júní 1994 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til aðila frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku (Stjtúð. EB nr. L 170, 5. 7. 1994, bls. 34).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar ráðsins 94/373/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*G.J.L. Avery*

<sup>(1)</sup> Stjtúð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtúð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtúð. EB nr. L 170, 5. 7. 1994, bls. 34.

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS**

frá 27. júní 1994

**um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til aðila frá Bandaríkjum Norður-Ameríku(\*)**

(94/373/EB)

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Réttur til lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum í bandalaginu nær til aðila sem eiga rétt á vernd samkvæmt 1. til 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 87/54/EBE.

Heimilt er að auka umfang þessa réttar með ákvörðun ráðsins svo að hann nái til þeirra aðila sem njóta ekki verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum.

Æskilegt er að ákvörðun um aukna vernd sé tekin fyrir bandalagið í heild, að því marki sem unnt er.

Frá 7. nóvember 1987 hefur vernd sú sem hér um ræðir verið aukin, með nokkrum bráðabirgðaákvörðunum ráðsins <sup>(2)</sup>, síðast með ákvörðun 94/4/EB, þannig að hún nái til Bandaríkja Norður-Ameríku.

Framangreind ákvörðun gildir til 1. júlí 1994.

Frá 26. október 1990 hefur þessi vernd verið aukin svo að hún nái til fyrirtækja og annarra lögpersóna í Bandaríkjum Norður-Ameríku og framkvæmdastjórnin hefur frá þeim degi hvað eftir annað <sup>(3)</sup> staðfest að Bandaríkin uppfylli skilyrðið um gagnkvæmni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. í framangreindri ákvörðun.

Síðasta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem slíkt er staðfest er ákvörðun 94/142/EB sem gildir til 1. júlí 1994.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku gilda viðeigandi ákvæði á þessu sviði og vænst er að svæðislýsingar smárása muni áfram njóta verndar samkvæmt landslögum og að sú vernd muni standa til boða einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum lögpersónum frá aðildarríkjum bandalagsins, sem eiga rétt á vernd samkvæmt tilskipun 87/54/EBE.

Öll aðildarríki Evrópubandalagsins hafa nú samþykkt innlend ákvæði til framkvæmdar tilskipun 87/54/EBE.

Rétt er að láta umrædda vernd ná til Bandaríkja Norður-Ameríku fram að 1. júlí 1995, uns samningur um hugverkarétt í viðskiptum kemur til framkvæmda en hann er hluti af niðurstöðum marghliða viðskiptaviðræðna Úrúgvælotunnar sem falla undir Marrakesh-lokagerðina frá 15. apríl 1994.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

1. Aðildarríkin skulu auka umfang þeirrar lögverndar sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE með eftirfarandi hætti:
  - a) einstaklingar, sem eru ríkisborgarar í Bandaríkjum Norður-Ameríku eða sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði Bandaríkja Norður-Ameríku skulu fá sömu meðferð og væru þeir ríkisborgarar aðildarríkis;
  - b) fyrirtæki og aðrar lögpersónur í Bandaríkjum Norður-Ameríku sem starfrækja raunveruleg og virk iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki í því landi skulu fá sömu meðferð og þeir sem starfrækja raunveruleg og virk iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á yfirráðasvæði aðildarríkis.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 170, 5. 7. 1994, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 24, 27. 1. 1987, bls. 36.

(2) Ákvörðun 87/532/EBE (Stjttíð. EB nr. L 313, 4. 11. 1987, bls. 22), 90/511/EBE (Stjttíð. EB nr. L 285, 17. 10. 1990, bls. 31), 93/16/EBE (Stjttíð. EB nr. 11, 19. 1. 1993, bls. 20), 94/4/EB (Stjttíð. nr. L 6, 8. 1. 1994, bls. 23).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/541/EBE (Stjttíð. EB nr. L 307, 7. 11. 1990, bls. 21), 93/217/EBE (Stjttíð. EB nr. L 94, 20. 4. 1993, bls. 30), 94/142/EB (Stjttíð. EB nr. L 61, 4. 3. 1994, bls. 30)



**2. gr.**

Ákvörðun þessi gildir frá og með 2. júlí 1994.

Aðildarríkin skulu auka umfang lögverndar samkvæmt þessari ákvörðun þannig að hún nái til aðilanna sem um getur í 1. gr. fram að 1. júlí 1995.

Allur einkaréttur sem hefur áunnist samkvæmt ákvörðun 87/532/EBE, 90/511/EBE, 93/16/EBE, 94/4/EB eða þessari ákvörðun skal gilda áfram þann tíma sem mælt er fyrir um í tilskipun 87/54/EBE.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**C. SIMITIS**

forseti.